



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Frá Kodokan til Íslands**

*Saga íslensku júdóhreyfingarinnar frá 1956 til 1975*

**Ritgerð til BA - prófs í sagnfræði**

**Ragnar Logi Búason**

**Desember 2012**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

# **Frá Kodokan til Íslands**

*Saga íslensku júdóhreyfingarinnar frá 1956-1975*

**Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði**

**Ragnar Logi Búason**

**Kt.: 300590-3579**

**Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðanarson**

**Desember 2012**

## Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um upphaf júdóíþróttarinnar á Íslandi. Fylgst er með íþróttinni frá því að hún nam land í Reykjavík og þangað til Júdósamband Íslands hélt Norðurlandamótið í júdó í Laugardalshöll árið 1975. Í byrjun ritgerðarinnar er athugað hvað orsakaði að farið var að leggja stund á júdó á Íslandi, hverjir það voru sem stóðu á bak við það, hvað þeim gekk til og hvernig var farið að. Fylgst verður með uppgangi Júdódeildar Ármanns og þeim erfiðleikum sem deildin þurfti að kljást við í upphafi. Samhliða því er athugað hvernig almenningur tók þessari nýju íþrótt og jafnframt hvernig aðstandendur íþróttarinnar kynntu hana og í raun reyndu að koma í veg fyrir þann misskilning að þarna væri á ferðinni einhvers konar ofbeldisíþrótt. Auk þess er umfjöllun íslenskra fjölmiðla, og þá helst dagblaða, skoðuð og rætt hvernig ólík umfjöllun í blöðunum hafði áhrif á það hvernig almenningur tók henni. Því næst er fjallað um hvaða áhrif erlendir þjálfarar höfðu á íslenskt júdó og hvaða áhrif það hafði þegar aukin samkeppni varð þegar ný júdófélög voru stofnuð. Fylgst er með deilum stóru félaganna tveggja á höfuðborgarsvæðinu, Ármanns og Júdófélagi Reykjavíkur. Í síðasta kaflanum er fylgst með stofnun Júdósambands Íslands og hvaða áhrif það hafði á hreyfinguna. Til dæmis er fjallað um hver staða íþróttarinnar á landinu var þegar Júdósamband Íslands var stofnað og hvaða leiðir sambandið fór til þess að bæta íþróttina og breiða hana út. Einnig er að finna í þeim kafla úttekt á fyrstu skrefunum sem sambandið tók til að festa íslenskt júdó í sessi á alþjóðlegum vettvangi, samskiptum sem því fylgdi við júdósambönd annarra landa og hvernig íslenskir júdómenn stóðu sig í fyrstu alþjóðlegu keppnunum sem Ísland tók þátt í.

## Efnisyfirlit:

Ágrip .....	1
Inngangur .....	3
1. kafli - Upphafið .....	4
Hnefaleikabannið 1956 .....	4
Júdo berst til Íslands.....	6
Uppgangur Ármanns og áhrif erlendra þjálfara .....	11
2. kafli – Samkeppni .....	17
Annað júdofélag stofnað .....	17
Deilur á milli félaga .....	22
3. kafli – Fyrstu ár Júdosambandsins .....	34
Stofnun Júdosambands Íslands .....	34
Misvandaðir þjálfarar og erlend samskipti .....	38
Júdo festist í sessi: Norðurlandamót í Laugardalshöll .....	44
Niðurstöður: .....	51
Heimildaskrá: .....	52
Óútgefnar heimildir:.....	52
Útgefnar heimildir:.....	52

## Inngangur

Júdó er bardagaíþrótt ættuð frá Japan. Höfundur hennar er Jigoro Kano en hann bjó íþróttina til út frá sjálfsvarnarkerfi sem heitir ju-jitsu. Ju-jitsu hafði þróast út frá bardagaaðferðum Samuraia allt fram á 19. öld. Jigoro Kano hafði lagt stund á ju-jitsu, en í kringum 1880 fór Kano að kenna sérstakt kerfi í skóla sínum, Kodokan, sem hann byggði á ju-jitsu. Hann hafði fjarlægt þau brögð úr ju-jitsu sem hann taldi hættuleg eða ekki vænleg til árangurs. Þetta kerfi kallaði hann judo, sem þýðist beint yfir á íslensku sem „hinn mjúki vegur“.

Byrjað var að leggja stund á íþróttina á Íslandi veturinn 1956-1957 og síðan þá hafa liðið meira en fimm áratugir. Á þessum tíma hefur íþróttinni tekist að festa sig í sessi á Íslandi og hefur landið átt fjölda keppenda á stórum mótum erlendis. Má þar helst nefna þátttöku Íslendinga á Evrópumeistaramótum, heimsmeistaramótum og ekki síst á Ólympíuleikunum og standa þar hæst bronsverðlaun Bjarna Friðrikssonar, í -95 kg flokki á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984.

En hvernig gerðist þetta allt saman? Hvernig fer íþrótt, sem var framandi og að mörgu leyti frábrugðin öllum þeim íþróttum sem stundaðar höfðu verið á Íslandi í aldanna rás, að því að festa sig svo rækilega í sessi í íþróttalífi landsmanna að ekki er hægt að nefna helstu afrek íslensks íþróttafólks nema að nefna í sömu andrá þessa japönsku íþrótt? Hér verður skoðað með hvaða hætti íþróttin barst til landsins, hverjir það voru sem stóðu á bak við það og hvað þeim gekk til. Einnig verður skoðað hvernig gekk að breiða íþróttina út um landið, hvaða erfiðleika það hafði í för með sér og einnig hvernig íþróttinni var tekið. Að lokum verður skoðað hvaða áhrif það hafði á íþróttina að komast inn í Íþróttasamband Íslands og hvað þær breytingar höfðu í för með sér.

# 1. kafli - Upphafið

## Hnefaleikabannið 1956

Þann 27. desember árið 1956 voru sett lög á Alþingi sem vörðuðu hnefaleika. Með þessum lögum var mönnum gert algjörlega ófært að leggja stund á hnefaleika. Allar keppnir og sýningar voru bannaðar og kennsla í hnefaleikum var gerð ólögleg, en auk þess var bönnuð „sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara“. Við brotum á lögnum lá þó ekki fangelsisvist heldur skyldu „[b]rot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim [...] varða sektum allt að 10.000 kr. ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum“.<sup>1</sup> Hámarksupphæð sektarinnar var svo felld út úr greininni með lögum nr. 116, 28. desember 1990, Lög um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.<sup>2</sup>

Þegar hnefaleikar voru bannaðir höfðu þeir verið stundaðir á Íslandi í kringum 50 ár. Þeir voru fyrst stundaðir á Akureyri á fyrsta áratugi 20. aldarinnar, en þaðan höfðu þeir borist frá Kaupmannahöfn. Þeir voru þó ekki lengi stundaðir þar og voru næst teknir upp í Reykjavík árið 1916. Þar voru þeir æfðir með hléum allt til ársins 1926 þegar tvö íþróttafélög, Knattspyrnufélag Reykjavíkur og Glímufélagið Ármann, tóku að bjóða upp á íþróttina. Við þetta varð mikil vakning um íþróttina, mót og sýningar voru haldin sem hafa dregið að sér áhorfendur, enda ekki alltaf sem menn gátu séð tvo menn takast á óölvaða og í dagsbirtu. Árið 1933 tók Íþróttasamband Íslands hnefaleikana svo upp á arma sína. Hnefaleikar stóðu samt alltaf hálf völtum fótum á Íslandi og má helst sjá það í því að „[f]jöldi þátttakenda í æfingum og keppni var [...] afar misjafn, en það má [...] rekja fyrst og fremst til aðstöðu- og kennaraleysis.“<sup>3</sup>

Frumvarp að banni á hnefaleikum var flutt á Alþingi þann 21. mars 1956, en á bak við það stóðu tveir þingmenn, þeir Kjartan J. Jóhannsson og Helgi Jónasson. Alþingismennirnir tveir voru báðir læknar og gæti það hugsanlega skýrt á einhvern hátt skoðun þeirra á íþróttinni, en mikið var í umræðunni á þessum tíma heilsufarslegar afleiðingar hnefaleika á fólk og beindust áhyggjur andstæðinga íþróttarinnar aðallega að því að íþróttin gengi mest út á það að veita andstæðinginum þung höfuðhögg aftur og aftur. Einnig voru uppi annars konar mótmæli gegn íþróttinni en þau beindust aðallega að því hversu ljót íþróttin væri. Þessi skoðun kemur bersýnilega í ljós í leiðara Morgunblaðsins rétt eftir að frumvarpið til hnefaleikalaganna var lagt fram: „Enginn, sem séð hefur keppni í hnefaleikum, getur með góðri samvizku talið það fagra athöfn eða íþrótt. Þvert á móti er

1 *Stjórnartíðindi* 1956 A, bls. 294 (l. nr. 92/1956).

2 *Stjórnartíðindi* 1990 A, bls. 331 (l. nr. 116/1990).

3 Sigurður Narfi Rúnarsson, „Hnefaleikar á Íslandi“, bls. 4-6.

hnefaleikurinn ógeðsleg barsmíð, sem hlýtur að vekja viðbjóð. Íslenskar íþróttir missa einskis þótt hún verði bönnuð. Verður því að vænta þess, að Alþingi samþykki fyrrgreint frumvarp hið fyrsta.<sup>4</sup> Einnig höfðu nokkrir einstaklingar sem æfðu hnefaleika átt það til að notfæra sér það sem þeir höfðu lært við íþróttástandunina til að gera hluti sem ekki geta talist íþróttamannslegir, og er hér átt við götuslagsmál. Stærsta málið sem hnefaleikamenn blönduðust inn í var svokallaður Listamannaslagur árið 1943. Þetta voru í raun aðeins slagsmál sem brutust út eftir dansleik í Listamannaskálanum sem þekktir hnefaleikamenn tóku þátt í og því gefur nafnið kannski ekki alveg rétta mynd af því sem þarna fór fram. Svo virðist samt vera að það alvarlegasta sem gerðist þar var að hnefaleikamanni tókst að slá þrjá lögregluþjóna í höfuðið með barefli.

Þrátt fyrir að beiting barefla sé ekki á neinn hátt hluti af hnefaleikaíþróttinni hlaut þessi atburður að koma óorði á íþróttina, og einnig þá sem stunduðu hana. Líklega hefur bakgrunnur ýmissa nemenda við hnefaleikaskóla Þorsteins Gíslasonar ekki heldur haft góð áhrif á ímynd íþróttarinnar. Í íþróttafélögum var íþróttin líklega stunduð af flestum með keppni í huga. Hnefaleikaskóli Þorsteins Gíslasonar stóð fyrir utan íþróttafélögin og Þorsteinn taldi að af öllum nemendum sínum hafi ekki einu sinni tíundi þeirra sem æfðu hjá honum á námskeiðum haft áhuga á að æfa til að keppa, heldur hafi menn æft íþróttina „sem almenna góða líkamsþjálfun og sem sjálfsvarnariþrótt“.<sup>5</sup> Hjá honum æfðu hópar manna sem hugsanlega höfðu þó ekki hugsað þetta sem sjálfsvarnariþrótt fyrst og fremst, en þetta voru meðal annars hópar nasista og kommúnista. Vel getur þó verið að langflestir hafi æft sér til skemmtunar.

Hnefaleikar sem almennileg keppnisíþrótt áttu greinilega við mikið mótlæti að stríða, þrátt fyrir að langflestir þeirra sem lögðu stund á íþróttina ætluðu sér ekkert annað en að leggja stund á og keppa í íþrótt sem þeim fannst skemmtileg og áhugaverð. Það varð samt úr að frumvarpið um að banna hnefaleika á Íslandi komst í gegnum Alþingi og var gert að lögum 27. desember 1956.<sup>6</sup> Hugsanlegt er að frumvarpið hafi gengið svona auðveldlega í gegn vegna þess að höfundar þess voru tveir læknar og að aðrir þingmenn hafi bara treyst á þekkingu þeirra á áhrifum hnefaleika á mannlíkamann og apað upp eftir þeim, eða þeir ekki þorað að mótmæla vegna þess að þeir þekktu málið ekki nógu vel.<sup>7</sup> Við bannið varð hnefaleikadeild Glímufélagsins Ármanns að tilgangslausri stofnun þar sem bannað var samkvæmt lögum að leggja stund á íþróttina sem deildin dró nafn sitt af.

---

4 Sigurður Narfi Rúnarsson, „Hnefaleikar á Íslandi“, bls. 10.

5 Sigurður Narfi Rúnarsson, „Hnefaleikar á Íslandi“, bls. 6. Sjá einnig „Bann við hnefaleik“, bls. 8.

6 Sigurður Narfi Rúnarsson, „Hnefaleikar á Íslandi“, bls. 13.

7 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

## Júdo berst til Íslands

Þrátt fyrir að mikið hafi verið skrifað í blöðum um að hnefaleikabannið væri yfirvofandi þá virtust iðkendur ekki hafa gríðarlegar áhyggjur af því og höfðu ekki gert neinar ráðstafanir ef ske kynni að lögin myndu ganga í gegn. Þeir höfðu í raun ekki hugmynd um hvað þeir ætluðu að gera ef bannið myndi taka gildi. Liðsmenn hnefaleikadeildar Ármanns dóu hins vegar ekki ráðalausir þegar bannið varð að veruleika. Í stað þess að leysa deildina upp, sem þeir þurftu að gera þar sem ekki hefði orðið vinsælt hjá ráðamönnum landsins að halda starfi hennar áfram óbreyttu, þá var ákveðið að fá henni annan starfsgrundvöll. Tæki til lyftingaæfinga voru keypt en við nánari umhugsun þá komust liðsmenn deildarinnar að þeirri niðurstöðu að fleiri myndu vilja iðka júdo, auk þess sem enginn kennari fékkst til þess að þjálfra hjá deildinni, sem vafalaust hefði hlotið nafngiftina lyftingadeild Ármanns.<sup>8</sup> Maðurinn sem átti hugmyndina að því að deildin byði upp á júdo hét Sigurður Helgi Jóhannsson. Sigurður hafði áður verið nokkuð virkur hnefaleikari og hafði kynnst júdo í gegnum bækur sem hann hafði rekist á í hillum í bænum. Sigurði hefur greinilega litist vel á þessa nýju íþrótt og ákveðið var að hnefaleikadeild Ármanns myndi fara að leggja stund á júdo. Sigurður segir að þegar hann líti til baka að þessar bækur hafi sennilega ekki verið mjög vandaðar: „Þetta var náttúrulega ógurlega skrumkennt og tóm vitleysa í raun og veru. Þegar maður fór að athuga þetta seinna meir á íslensku þá voru þetta óttarlegar skrumbækur, og gerðu miklu meira úr júdo en nokkur efni stóðu til.“<sup>9</sup>

Eftir að ákveðið var að hnefaleikadeild Ármanns myndi fara að æfa júdo áttuðu menn sig á að þeir ættu erfitt með að æfa júdo þar sem enginn þeirra vissi hvernig átti að bera sig að. Líklegast hafa þeir eitthvað getað lært af bókunum en þær hefðu dugað skammt. Deildinni til mikillar lukku var þá staddur á Íslandi þýski ljósmyndarinn Friedhelm Geyer<sup>10</sup> sem hafði einhverja kunnáttu í japönskum glímum, bæði ju-jitsu og júdo. Hann byrjaði að kenna Ármenningum ju-jitsu veturinn 1956-1957 ásamt því að leggja grunn að því sem seinna myndu verða júdoæfingar. Geyer stoppaði þó stutt við hjá júdódeildinni og eftir að hafa þjálfað þar í hálf tveimur árum lét hann af störfum.<sup>11</sup> Þrátt fyrir að Geyer hafi verið Ármenningum mikil hjálp í að koma júdóinu af stað á Íslandi var hann enginn meistari í íþróttinni. Eftir þessi tvö ár sem hann dvaldi á Íslandi voru íslensku júdómennirnir orðnir álíka góðir og hann<sup>12</sup> og því kannski ágætt fyrir íþróttina að hann dvaldist ekki lengur á Íslandi en hann gerði.

8 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

9 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

10 „Judo í staðinn fyrir hnefaleika, bls. 20-21, 38.

11 „Keppt í júdo í vor“, bls. 2.

12 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.



Nú var strax komið babb í bátinn, því að aðeins tveimur árum eftir að byrjað var að stunda júdó á Íslandi var eina félagið sem það hafði gert orðið þjálfaralaust. Það virðist augljóst að til þess að júdó gæti almennilega fest rætur á Íslandi þá var eini kostur íslenskra júdoiðkenda að fá aðstoð erlendis frá. Sennilega hefur þótt of dýrt að flytja erlendan þjálfara til landsins eða að einfaldlega hafi ekkert fjármagn verið til til þess að eyða í góðan erlendan júdómann sem hefði þá flust til Íslands til að kenna júdó. Úr varð að Sigurður, sem hafði þróað með sér mikinn áhuga á júdó, fór til Danmerkur til þess að leggja stund á júdó.<sup>13</sup> Þar nam hann júdó í Kringelbach Institut í Kaupmannahöfn.<sup>14</sup> Hann dvaldi þar þó aðeins í mánuð en náði á þeim tíma ágætis árangri. Hann snéri svo aftur til Ísland og ætlaði sér þá að taka upp júdokennsluna um haustið þar sem Geyer hafði skilið við hana um vorið.

Þrátt fyrir að Sigurður hafi dvalið í Danmörku þennan mánuð og náð ágætis framförum þar hefur það ekki gert hann að þeim júdómanni sem Íslendingar sárþörfnuðust til að koma íþróttinni almennilega áfram. Málshátturinn eins dauði er annars brauð hefur líklega sjaldan átt jafn vel við og hann gerði sumarið 1958 á Íslandi. Þá varð skipreka á Íslandi Japaninn Matzoka Sawamura. Hann hafði verið stýrimaður á hollensku flutningaskipi sem hafði komið til Íslands en vegna veikinda var Sawamura lagður inn á spítala og missti þess vegna af skipi sínu. Sawamura þessi var ekki venjulegur stýrimaður heldur bar hann 1. dan í ju-jitsu og hvorki meira né minna en 5. dan í júdo. Þá hafði hann áður fengist við kennslustörf beggja vegna Atlantshafsins auk þess að hafa verið sérstaklega fenginn til þess að þjálfa lögregluna í Helsinki.<sup>15</sup>

Ármenningar hafa orðið mjög spenntir þegar þeir fréttu af Sawamura á landinu því þeir voru ekki lengi að koma sér í samband við hann. Sömdu þeir þá við hann um að hann myndi dveljast á Íslandi í nokkurn tíma og þjálfa Sigurð og aðra meðlimi Júdoeildar Ármanns, með það að markmiði að Sigurður myndi svo taka við þjálfuninni. Svo virðist sem Sawamura hafi þjálfað Sigurð fram á haustið 1958 því þá tekur Sigurður að þjálfa hjá Ármani og gerir það fram í febrúar 1959. Eftir það tók Sawamura aftur við af Sigurði, en hann hafði snúið aftur til Íslands eftir að hafa dvalið erlendis um tíma. Ármenningar voru mjög ánægðir og fullir bjartsýni með Sawamura eins og kemur fram í 1. árgangi tímaritsins *Árman* 1959: „Enginn Judo flokkur á Norðurlöndunum mun hafa þjálfara með 5 Dan. Má því segja, að vel horfi fyrir Judo deild Ármanns, hvað kennslu snertir. Er það hugmyndin að ráða Sawamura sem þjálfara hér í langan tíma.“<sup>16</sup>

---

13 „Merk tímamót í sögu Júdo hér“, bls. 5.

14 Þorkell Magnússon, „Hnefaleikar – Judo“, bls. 30.

15 „Lögreglumenn á Suðurnesjum læra Jyo-do“, bls. 15.

16 Þorkell Magnússon, „Hnefaleikar – Judo“, bls. 31.

Ármenningum varð þó ekki að ósk sinni um að fá að hafa Sawamura starfandi við júdódeild þeirra í langan tíma. Sawamura hætti sem þjálfarið hjá Júdódeild Ármanns um vorið 1960.<sup>17</sup> Þá tók Sigurður alfarið við af honum, en hann hafði vafalaust lært mikið undir stjórn Sawamura. Um sumarið 1960 kom svo til Íslands Englendingurinn Bernard Paul sem hafði unnið við júdókennslu á Norðurlöndum og hafði búið í Kaupmannahöfn í heilan áratug þar sem hann kenndi meðal annars í Kringelback sjálfsvarnarskólanum, en það var einmitt skólinn sem Sigurður sótti þegar hann fór til Kaupmannahafnar. Hugsanlega hafa leiðir þeirra Sigurðar skarast á einhverjum tímamarki og því hafi Bernard ferðast til Íslands. Eftir að Sigurður ferðaðist til Danmerkur 1958 fór hann árlega til Evrópu, yfirleitt til Danmerkur eða Bretlands. Þessar ferðir hans urðu oftast mánaðarlangar og Sigurður segist aðeins hafa farið út til þess að læra nýjar þjálfunaraðferðir. Hugur hans hefur því miklu frekar beinst að því að láta íþróttina ná fótfestu á Íslandi frekar en að reyna sjálfur að verða afreksmaður í íþróttinni. Ferðakostnaðurinn kom að mestu beint úr eigin vasa Sigurðar og félaga hans í Júdódeildinni.<sup>18</sup>

Bernard Paul dvaldist á Íslandi til júliloka.<sup>19</sup> Á meðan á dvöl hans á Íslandi stóð þá var hann langt frá því að sitja iðjulaus. Hann glímdi daglega við Sigurð og þjálfaði hjá Ármanni auk þess sem hann tók þátt í júdósýningu í Tívólí þann 24. júlí 1960.<sup>20</sup> Þessi júdósýning í Tívolíinu var ekki sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, en það sem var merkilegt við hana var að í Morgunblaðinu 23. júlí 1960 var þessi sýning titluð „Fyrsta Judo-keppni á Íslandi“. Í greininni voru afrek Bernards Paul talin upp og það var greinilegt á þeim að hinir íslensku júdómenn þurftu að passa sig: „Bernard Paul hefir m.a. sigrað í danska meistaramóti í Judo og má búast við að hann reyni erfiður fyrir íslensku Judo-mennina. - En í þessari keppni mun hann keppa einn á móti sex Íslendingum og jafnframt sýna grundvallaratriði í Judo.“<sup>21</sup> Sigurður segir þó í viðtali við hann sem birtist í *Fálkanum* árið 1962 að þessi keppni hafi átt mun meira skylt við sýningu heldur en keppni, enda fer alvöru júdókeppni fram á milli tveggja keppenda sem glíma á móti hvorum öðrum, en ekki á milli sjö keppenda sem glíma einn á móti sex.

Ein algengasta leiðin til að kynna almenning fyrir þessari nýju íþrótt var einmitt með svona sýningum, og Ármenningar notuðu tækifærið þegar hvers kyns íþróttasýningar voru í gangi til að fá að sýna júdó.<sup>22</sup> Að sjálfsögðu hefur verið mjög mikilvægt fyrir

---

17 „Skipulagsbreyting hjá Glímufélaginu Ármanni“, bls. 14.

18 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

19 „Judo – herbragðalist í síðuðum búningi“, bls. 14.

20 „Fyrsta Judo-keppnin á Íslandi í Tívólí á morgun“, bls. 14.

21 „Fyrsta Judo-keppnin á Íslandi í Tívólí á morgun“, bls. 14.

22 Oft má sjá júdó nefnt sem sýningaríþrótt á ýmsum hátíðum, oft tengdum Ármanni. T.d. „Judosýning –

júðóeildina að sýna almenningi íþróttina í réttu ljósi og reyna að uppræta allan misskilning um hana, hvort sem sá misskilningur hafi falið í sér að hún væri stórhættuleg, eitthvað töframeðal eða jafnvel galdrar.<sup>23</sup>

Fyrir utan hugsanlegan misskilning á tilgangi íþróttarinnar þá var helsta vandamál Ármanns um áramótin 1959-1960 það að húsnæðið sem júðóeildin fékk til að starfa í annaði ekki aðsókn, en samkvæmt formanni deildarinnar, Þorkeli Magnússyni, þá varð júðóeildin að „takmarka mjög alla aðsókn vegna húsnæðisleysis, ennfremur hefðu þeir ekki ennþá getað aflað sér dýna sem þektu allt salargólfíð, en þeir væru nú á góðri leið með það.“<sup>24</sup> Þrátt fyrir að húsnæði deildarinnar væri of lítið fyrir starfseminna þá hélt félagið ótrautt áfram við að auglýsa íþróttina. Reynt var að sýna fjölbreytileika íþróttarinnar með því að halda tveggja mánaða námskeið þar sem sjálfsvörn var höfð sem þema, en samkvæmt auglýsingu sem birtist í *Morgunblaðinu* 15. október 1959 þá var júðó „tíltölulega auðlært í aðalatriðum, og einföld aðferð til að verjast ofbeldismönnum, er óneitanlega valda oft meiðslum á saklausum vegfarendum.“<sup>25</sup>

Júðó kom sér þó ekki aðeins vel fyrir saklausa borgara sem voru hræddir um að ráðist yrði á þá, heldur notfærði íslenska lögreglan, eða allavega hluti hennar, sér júðó til að yfirbuga menn. Lögreglumennirnir lærðu þó ekki hjá Júðóeild Ármanns heldur hjá Sawamura sjálfum, því þó að hann hefði sagt skilið við Ármann þá þýddi það ekki að hann væri hættur öllu júðóstandi. Hann hafði þá kvænst íslenskri konu og vildi koma sér vel fyrir á Íslandi og helst búa þar. Hann sagði þó að til þess að það yrði að veruleika þyrfti hann að hafa næga atvinnu á Íslandi til þess að geta séð um fjölskylduna sína. Sennilegast hefur hann ekki haft nóg upp úr krafsinu við júðóþjálfun í Ármanni, enda ekki kenndir nema nokkrir tímar í viku þar, og líklegt er að það hafi verið aðalástæðan fyrir því að hann leitaði á önnur mið. Hann tók þá meðal annars að kenna lögreglunni á Suðurnesjum júðó, og eins og áður segir þá var það engin nýjung fyrir hann að kenna lögreglumönnum júðó til sjálfsvarnar því áður hafði hann kennt lögreglunni í Helsinki.<sup>26</sup>

Mæting á þetta námskeið hefur vafalaust komið lögreglumönnum af Suðurnesjum að miklum notum því um mánuði eftir að þetta námskeið var haldið birtist í *Alþýðublaðinu* frétt um að lögreglumenn hafi handsamað drukkinn hermann, og kemur fram í fréttinni að þeir hafi einmitt fellt hann á júðóbragði. Hermaðurinn hafði áður reynt að stinga lögreglumennina af á bíl á Keflavíkurlflugvelli þar sem lögreglumennirnir höfðu

---

judokvikmynd“, bls. 4 og „Ármann minnst 75 ára afmælis síns“, bls. 22.

23 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

24 „Judó sýningaríþrótt á OL í Róm og keppnisíþrótt í Tókíó 1964“, bls. 11.

25 „Námskeið í Judo“, bls. 18.

26 „Lögreglumenn á Suðurnesjum læra Jyo-do“, bls. 15.

verið við eftirlit. Eftir að hafa ekið á strætisvagn þá reyndi hermaðurinn að komast burt frá lögreglunni á tveimur jafnfljótum. Eltingarleikurinn endaði svo með því að annar lögreglumaðurinn henti honum í jörðina.<sup>27</sup>

Svona fréttáflutningur hefur verið tvíeggjað sverð fyrir júðóhreyfinguna sem var rétt byrjuð að festa rætur á Íslandi. Annars vegar hefur hann örugglega hljómað mjög spennandi í eyrum ungs fólks, og þá sérstaklega ungra manna og unglinga. Fréttin hefur hugsanlega opnað augu þeirra fyrir því að júðó væri alvöru íþrótt með ákveðið sjálfsvarnargildi sem myndi greinilega virka við raunverulegar aðstæður. Þetta gæti hafa kveikt áhuga margra á íþróttinni og jafnvel fengið þá til að prófa að mæta á æfingu. Hins vegar hefur fréttin alllíklega ekki fallið vel í kramið hjá eldra eða rólegra fólki sem vissi lítið sem ekki neitt um hvað íþróttin snérist. Hjá þeim hefur fréttin sennilega ýtt undir þá skoðun að júðó væri enn ein ofbeldisíþróttin og kannski líkt því við hnefaleika sem höfðu í augum þessa fólks sem betur fer verið bannaðir. Sigurði fannst ástæða til þess að halda að fólk héldi íþróttina hættulega: „En ég er ansi hræddur um að menn héldu að hérna væru að koma nýir hnefaleikar þegar júðóið kom inn. Og það gerðist náttúrulega þannig, í upphafinu þegar ég byrjaði með þetta, þá voru þetta bara gömlu hnefaleikararnir nokkrir sem tóku þátt, en þeir bara féllu út úr þessu nokkuð fljótlega, þetta passaði þeim ekki.“<sup>28</sup> Líklega hafa þá ólíkar manngerðir sótt í mismunandi íþróttir og þar af leiðandi tilgangslaust fyrir fólk að halda að þarna væru komnir nýir hnefaleikar, ef það þá hélt það virkilega.

Í allri blaðaumfjöllun um júðó á þessum tíma má þó sjá að forystumenn íþróttarinnar vönduðu sig mjög við að leiðrétta þess háttar misskilning. Í flestum viðtölum og blaðagreinum benda þeir á að júðó sé alls ekki hættuleg íþrótt<sup>29</sup> og að þeir menn sem komi á æfingar með það í huga að ætla að bæta getu sína til götuslagsmála hafi aldrei enst lengi í íþróttinni. Jafnframt er einkennandi fyrir umfjöllunina á tímabilinu að áhersla var lögð á að júðó snérist ekki aðeins um að betra líkama sinn og getu, heldur skipti betrun sjálfsins og andlega hliðin miklu máli:

Mikil alvara er lögð í íþrótt þessa, og þeir sem ekki taka hana alvarlega, sýna hlýðni og góða hegðun, komast ekki langt. Það er ekki nóg að það sé gert á æfingum, allt líf þeirra verður að mótast af þessum anda, líka utan æfinganna. Verði þeir uppvísir að því að bregðast þessum, ef svo mætti segja, óskráðu lögum, geta þeir ekki vænt þess að komast mikið áfram í íþróttinni, þótt

---

27 „Felldu dáta á Judo-bragði“, bls. 1.

28 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

29 „Judo – hin fagaða íþrótt Japana kynnt almenningi hér“, bls. 18.

íþróttaleg geta sé fyrir hendi. Óþarfa skvaldur er ekki leyft á æfingum. Það er hlustað á kennarann.

Þegar Þorkell Magnússon er spurður af blaðamanni *Þjóðviljans* hvaða tilgangi það þjóni að láta nemendurna sitja þegjandi í hálfhring í kringum Sawamura er svarið það að „í hljóðum huga þeirra færi fram heit þar sem hver og einn lofar að sýna drenglyndi, og íþróttamennsku, reiðast ekki og sýna jafnaðargeð, og nota æfinguna til að þroska líkama sinn og sál.“<sup>30</sup>

### **Uppgangur Ármanns og áhrif erlendra þjálfara**

Haustið 1960 batnaði aðstaða Ármanns til muna og hafði deildin þá eignast æfingadýnur sem þöktu yfir 50 fermetra, en samt sem áður voru allir tímar á stundaskrá félagsins fullir og vísa þurfti fólki frá. Þá var tekið á það ráð að halda byrjendanámskeið sem tæki einn mánuð til að undirbúa þá sem höfðu áhuga á íþróttinni til þess að fara í júdókennslu samkvæmt stundaskrá. Enda líklegt að það hafi verið eins þá og er í dag, að margir koma til að prufa nokkrar æfingar og gefast svo upp, eða sjá að þetta var ekki það sem þeir voru að leita að.<sup>31</sup> Svona byrjendatímar hafa þess vegna líklegast virkað eins og sigti fyrir þá sem virkilega sýndu íþróttinni áhuga og því var tíma og orku þjálfaranna þá ekki sóað í þá sem myndu ekki endast nema í viku. Árið 1962 batnaði aðstaðan svo enn meira þegar deildin fékk að flytja starfsemi sína yfir í stærri sal í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar að Lindargötu 7, en við það fékk deildin góða æfingatíma.<sup>32</sup>

Þrátt fyrir að hinn margverðlaunaði júdómeistari Bernard Paul hafi komið til Íslands vorið 1960 dvaldist hann einungis í einn mánuð. Það var alls ekki nægur tími fyrir lítið og tiltölulega einangrað land til þess að halda góðum dampi í júdókennslunni. Íslendingar höfðu áttað sig á þessu og því ferðaðist Sigurður árlega til Evrópu til þess að kynna sér íþróttina enn betur og varð England fyrir valinu sumarið 1961. Þar æfði hann í einum fremsta júdóskóla Evrópu, The Budokwai í London. Segja má að þessi dvöl hans þar hafi verið árangursrík því þaðan fór hann til Íslands með 1. kyu (brúnt belti) í farangrinum. Þó svo hér hafi vissulega verið um glæsilegan árangur að ræða þá sýnir þetta einnig ástand íþróttarinnar á Íslandi. Á Íslandi var aðeins eitt félag þar sem lögð var stund á júdó, og aðalþjálfari þess félags var einungis með brúna beltið og þurfti að fara til annarra landa til

---

30 „Júdó sýningaríþrótt á OL í Róm og keppnisíþrótt í Tókíó 1964“, bls. 9.

31 „Judo er íþrótt jafnt fyrir kvenfólk, karlmenn og börn“, bls. 9 og „Mikill áhugi á Judo“, bls. 11.

32 „Júdóæfingar eru að hefjast hjá júdódeild Ármanns“, bls. 9.

að fræðast meira.<sup>33</sup> Engu að síður lögðu um 40-60 manns stund á íþróttina frekar reglulega á Íslandi og verður það að teljast ágætur árangur á fjórum árum miðað við þær aðstæður sem íslenskir júdómenn bjuggu við.<sup>34</sup>

Utanför Sigurðar sumarið 1961 gaf honum ekki aðeins réttinn til að binda utan um sig brúnt belti við júdógallan sinn, heldur kom hann einnig hlaðinn þekkingu og nýjum hugmyndum um hvernig hann ætti að fara að við þjálfunina. Á byrjendanámskeiði sem stóð frá 31. október 1961 til 19. desember sama ár þá reyndi Sigurður að líkja eftir þeim þjálfunaraðferðum sem hann hafði kynnst í Budokwai-klúbbum, en á hverri æfingu var farið sérstaklega yfir tvö brögð ásamt vörnum gegn þeim og nemendur svo sendir heim með myndir af brögðunum á blaði ásamt nánari útskýringum.<sup>35</sup> Þetta hefur vafalítið gagnast nemendunum vel, þar sem mjög erfitt var að komast yfir kennslufni um júdó á Íslandi, allavega þangað til árið 1965.

Júðódeild Ármanns hélt áfram að vaxa og dafna og um áramótin 1962-1963 voru dagblöð farin að ýta við Sigurði og spyrja hvort ekki væri kominn tími til að efna til keppni í greininni. Þessi skyndilegi keppnisáhugi gæti hafa verið tilkominn af því að júdó átti að vera keppnisgrein á Ólympíuleikunum 1964 sem haldnir voru í höfuðborg Japans, Tókýó. Þetta hefur hvatt marga júdómenn til dáða og eflaust vakið áhuga fjölmiðla á íþróttinni svo um munaði, en á þessum tíma voru keppnisgreinar á Ólympíuleikunum mun færri en þær eru í dag. Sigurður svaraði þessum keppnisfyrirspurnum fjölmiðlanna á þann veg að auðvitað væri stefnt að keppni með tímanum. Það væru margir frambærilegir júdómenn á Íslandi sem gætu gert keppni á milli sín mjög spennandi. Hann taldi að tíu væru orðnir mjög færir í íþróttinni og margir sem hefðu byrjað æfingar árið áður væru á góðri leið með að verða frambærilegir keppnismenn. Einnig nefndi Sigurður það að júdódeildin myndi reyna að fá til Íslands erlenda júdómenn til þess að keppa á móti Íslendingunum. Hann sagði þó að það myndi ekki gerast veturinn 1962-1963.<sup>36</sup>

Í aprílmánuði árið 1963 kom til Íslands enski júdómeistarinn John Newman til þess að kenna Ármenningum í nokkra daga.<sup>37</sup> Newman þessi, sem dvaldi með Ármenningum í viku, var 27 ára gamall Lundúnabúi sem hafði meðal annars stundað háskólanám í Japan í 4 ár samhliða því að leggja þar stund á júdó með gríðarlega sterkum júdómönnum. Í Japan hlotnaðist honum fjórða stigs Dan-gráða ásamt því að hafa sigrað júdókeppni í háskólanum, en þau mót þykja gríðarlega sterk nú og engin ástæða til að halda að annað hafi verið upp á

---

33 „Námskeið í Judo hefst á vegum Ármanns á morgun“, bls. 10.

34 „Skipulagsbreyting hjá Glímufélaginu Ármani“, bls. 14 og „Judo“, bls. 22.

35 „Námskeið í Judo“, bls. 22.

36 „Keppt í júdó í vor“, bls. 2.

37 „Judomeistari í heimsókn“, bls. 5.

teningnum þá. Háskólamótið var þó ekki eina mótið sem honum hafði tekist að næla sér í gullverðlaun á, heldur hafði hann einnig orðið Evrópumeistari í sveitakeppni með breska landsliðinu þrjú ár í röð, frá 1957 til 1959, auk þess að hafa sigrað í einstaklingskeppninni árin 1958 og 1959. Hérna var því á ferðinni gríðarlega sterkur keppnismaður með mikla reynslu sem hefur vafalaust tekist að deila með Íslendingum einhverju af þeirri reynslu sem hann hafði öðlast í gegnum árin. Newman vandaði sig við að kynna íþróttina fyrir almenningi líkt og aðstandendur hennar á Íslandi höfðu gert frá byrjun. Hann á að hafa fullyrt við íslenskan blaðamann að júdó væri „bæði holl og skemmtileg íþrótt, sem styrkti líkamann alhliða og slyshætta [væri] sízt meiri en í öðrum íþróttum“.<sup>38</sup> Líkt og Sigurður benti hann á að ofbeldismenn væru alls ekki velkomnir til að taka þátt í íþróttinni: „Þið þekkið eflaust hina nautheimsku hnefaleikakappa, sem oftlega eru í fréttum. Þessa manngerð viljum við ekki í okkar íþrótt. Við viljum stuðla að því að bæta manninn andlega um leið og líkamlega.“<sup>39</sup>

Þótt svo að júdó hefði verið stundað á Íslandi í næstum sex ár árið 1963 og fjölmiðlar höfðu verið búnir að birta að keppt yrði í íþróttinni á Ólympíuleikunum árið 1964 þá veitti ekkert af svona áróðri. Við lestur blaðgreina um júdó virðist eins og þessi áróður gæti hugsanlega hafa verið orðinn vani hjá þeim, en á sama tíma birtast í blöðum greinar sem birta júdó ekki í sínu besta ljósi og hafa kannski átt meira skylt við einhverskonar æsifréttamennsku. Fyrirsögnin „Judo-lögregla send gegn Buddahmunkum“ sem var birt í *Tímanum* 17. júlí 1963 hefur alveg örugglega ekki fallið vel í kramið hjá aðstandendum íþróttarinnar á Íslandi og hefur líklega ekki bætt viðhorf þeirra sem voru efins um júdó til að byrja með. Newman, líkt og Sigurður, talar um minni slyshættu í júdó en gengur og gerist almennt í íþróttum. Sigurður sagði í viðtali við hann sem birtist í 40. tölublaði *Fálkans* árið 1962 að engin hætta væri á að menn meiddust á æfingum eða í keppni í júdó.<sup>40</sup> Sigurður snýr með þessari staðhæfingu aðeins upp á sannleikann því að vissulega meiðast menn í júdó líkt og öðrum íþróttum þar sem mikil snerting er leyfileg, og þess þá heldur fyrir 50 árum þegar aðstaða til æfinga var hvergi nærri því eins fullkomin og hún er í dag. Rétt fyrir áramót 1971 birtist til dæmis grein í *Morgunblaðinu* með fyrirsögninni „Judo-glímukappi lífshættulega særður í keppni“ en þá hafði Japaninn Kokiri Nagaoka hryggbrotnað í keppni og lamast fyrir neðan mitti.<sup>41</sup> Það var ekki algengt að fjölmiðlar væru að birta fregnir af erlendum júdómönnum en þessi frétt hefur greinilega

38 „Judo er bæði holl og skemmtileg íþrótt“, bls. 10, 13.

39 „Kennir Ármenninum ‚hina mildu aðferð‘“, bls. 2.

40 „Judo í staðinn fyrir hnefaleika“, bls. 21.

41 „Judo-glímukappi lífshættulega særður í keppni“, bls. 18.

þótt nógu merkileg til að fara í gegnum prentvélarnar. Þetta sýnir tvo áhugaverða póla í umfjöllun um júdó á Íslandi. Annars vegar reyna fjölmiðlarnir að birta áhugaverðar fréttir og þegar júdó kemur fram í þessum fréttum þá er það ekki sýnt í jákvæðu ljósi, heldur sem einhver stórhættuleg bardagatækni. Það sem fjölmiðlar telja vera spennandi fréttir og halda að vekji athygli og fái fólk því til að lesa blaðið eru því miður oft fréttir af hamförum eða einhverju sem miður fer. Þess konar fréttir hafa ekki hjálpað íslensku júðóhreyfingunni að fá almenning til að viðurkenna júdó sem alvöru íþrótt. Hinn póllinn á umfjölluninni eru svo auðvitað viðtöl við þá sem stóðu fyrir júdói á Íslandi þar sem þeir reyna að koma í veg fyrir allan misskilning af þessu tagi.

Þann 31. júlí 1964 fóru fimm menn úr júðódeild Ármanns í æfinga- og keppnisferð til Danmerkur, Svíþjóðar og Bretlands. Þetta voru þeir Sigurður H. Jóhannsson, þjálfari júðódeildarinnar, Sigurjón Kristjánsson, Ragnar Jónsson, Guðni Kárason og Gunnar Sigurðsson. Það var nýtt af nálinni að svona stór hópur íslenskra júðómanna færi út fyrir landsteinana, en Sigurður hafði yfirleitt alltaf farið einn síns liðs í æfingaferðir sínar, auk þess sem nú bættist keppnishliðin við. Fljótlega eftir að þeir komu til London tóku þeir þátt í svokallaðri gráðukeppni sem fólst í því að láta þá keppa til þess að sjá hvar þeir stæðu getulega séð. Má segja að þeir hafi allir orðið sér til sóma því fjórir þeirra hlutu hærri gráður en þeir höfðu verið með fyrir mótið.

Eftir að hafa dvalið í London í næstum því þrjár vikur kom í ljós að Íslendingarnir voru ekkert síðri en Bretar með jafnháar gráður í standandi glímu og jafnvel betri en þeir í gólfglímunni. Ragnari Jónssyni gafst svo tækifæri degi áður en Íslendingahópurinn hélt til Danmerkur frá London til að taka þátt í annarri gráðukeppni. Í þessari keppni sigraði Ragnar fimm andstæðinga í röð og hlaut fyrir það 1. dangráðu og varð þar með fyrsti Íslendingurinn til að öðlast rétt til þess að bera svart belti. Þessi árangur Ragnars hlýtur að geta talist frábær, því eftir fyrri gráðukeppnina hlaut hann 2. kyu, blátt belti. Þannig vann hann sig upp um heilar tvær gráður á minna en þremur vikum, frá 2. kyu upp í 1. dan. Þegar Ragnar fékk svarta beltið þá var hann orðinn 41 árs gamall og hafði aðeins æft júdó í þrjú ár. Hann sagðist hafa byrjað í júdói vegna þess að hann fann hve stirður hann var orðinn og sá að júdó væri auglýst sem íþrótt fyrir alla.<sup>42</sup> Frá Kaupmannahöfn fóru íslensku júðómennirnir á eina æfingu í Malmö, en á henni eiga þeir að hafa grætt heldur lítið á, vegna þess hve miklu betri Íslendingarnir voru en þeir Svíar sem þeir æfðu með.<sup>43</sup>

Þessi árangur íslensku júðómanna er vísbending um að íþróttin hafi staðið ágætlega á Íslandi miðað við nágrannalöndin en sýnir einnig hvað íþróttin stóð höllum fæti

---

42 „Byrjaði að æfa judoíþróttina 38 ára gamall“, bls. 2.

43 „Merk tímamót í sögu Júdó hér“, bls. 5, 9.



á Íslandi. Þó svo að íþróttin hafði verið iðkuð á Íslandi í 6-7 ár var aðeins einn maður kominn með 1. gráðu svart belti. Til þess að Íslendingar gætu náð verulega góðum árangri og breitt íþróttina um landið þurftu íslenskir júdómenn ennþá að treysta á aðstoð frá Evrópu.

Í febrúar árið 1965 kom til Íslands enn einn þjálfarinn erlendis frá. Var hér um að ræða Alex Fraser frá Skotlandi. Fraser hafði verið einn af aðalkennurum við Budokwai skólann í London og var með 2. dan. Það á að hafa komið strax í ljós á fyrstu æfingunni sem hann sá um á Íslandi að hér væri kominn mikill kunnáttumaður um júdó og Ármenningar voru í skýjunum með það að hann ætlaði að dveljast á Íslandi í nokkra mánuði. Hann sagði svipaði hluti um stöðu júdós á Íslandi og hafði komið í ljós við veru fimmmenninganna í Bretlandi, en Fraser sagði að hann hafði orðið hissa á getu íslenskra júdómanna og sagði júdómennina á Íslandi vera á mjög svipuðu reki og breskir júdómenn með jafnháar gráður.<sup>44</sup>

Straumhvörf urðu í júdó á Íslandi vorið 1965 og það var ekki aðeins Alex Fraser að þakka. Bókaútgáfan Suðri gaf þá út 180 blaðsíðna bók um júdó sem fékk einfaldlega nafnið *Júdóbókin*. Bókin var eftir Bretana Richard Bowen og Henry Malcolm Hodgkinson<sup>45</sup> og hét á frummáli einfaldlega *JUDO*. Bókin var gefin út að mestu fyrir tilstuðlan íslenskra júdómanna. Sigurður H. Jóhannsson hafði fengið leyfi höfunda til að þýða hana, og fól Torfa Ólafssyni það verkefni.

Líkt og áður hefur verið sagt frá hafði Sigurður gert tilraunir með að senda nemendur heim með blöð með myndum af júdóbrögðum sem höfðu verið æfð á æfingum ásamt skýringum, líkt og gert hafði verið í Budokwai skólanum. Þessi nýja Júdóbók innihélt 65 skýringarmyndir ásamt ljósmyndum<sup>46</sup> og stór hluti hennar fer í að segja frá hvernig framkvæma eigi ýmis brögð. Mikill fengur hefur því eflaust verið í útgáfu þessarar bókar fyrir íslenska júdómenn. Í formála bókarinnar segir:

Margar bækur hafa verið skrifaðar fyrir byrjendur í judo-íþróttinni. Flestar þeirra eru ætlaðar til sjálfsnáms, en nú á tímum eru þeir staðir fáir, ef nokkrir, þar sem menn eiga ekki völ á kennara við judonám sitt. Við höfum því stefnt að því að skrifa bók, sem verði til gagns þeim byrjanda, sem nemur judo undir handleiðslu kennara. Fræðslunni, sem þessi bók veitir, er ætlað að bæta við það, sem kennarinn segir þér, að útskýra fyrir þér, hvað felst að baki æfingunum og

---

44 „Skoðkur judo þjálfari hér á vegum Ármenninga“, bls. 13-14.

45 „Kennslubók í judoíþróttinni komin út á íslenzku“, bls. 5.

46 Sigurður H. Jóhannsson, „Judo-bókin“, bls. 30.

ípróttinni sjálfri, og ennfremur að minna þig að einhverju leyti á það, sem kennarinn hefur kennt þér. Bókinni er engan veginn ætlað að koma í staðinn fyrir kennarann eða keppa við hann í þeirri fræðslu, sem hann veitir þér á judodýnuni.<sup>47</sup>

Á Íslandi voru margir staðir þar sem menn höfðu ekki vöð á kennara við júdónám sitt. Eini staðurinn þar sem hægt var að æfa júdó var í Reykjavík, og ekki hægt að velja á milli júdófélaga og þó svo þessi bók hafi ekki reiknað með sjálfsnámi þá er ekki hægt að útiloka að útgáfa bókarinnar hafi kveikt áhuga einhverra. Bókin gæti líka hafa haft áhrif á skoðanir þeirra sem voru ennþá efins um ágæti ípróttarinnar, en Sigurður sagði að bókin myndi gefa

mjög góða hugmynd um, hversu afar fjölþætt íprótt þetta er, enda samin af mjög góðum judomönnum. Munu þeir, sem lesa þessa bók, sjá að hér er ekki um ruddalega slagsmálaíprótt að ræða, heldur háþróaða íprótt sem lýtur mjög ströngum aga, þótt hún sé byggð á gömlum hernaðarlistum, enda hefur sjálfsvarnargildi judo ekki verið dregið í efa, og er sá liður judo vel skýrður í umræddri bók.<sup>48</sup>

Seinna sagði Sigurður að bókin hafi kannski ekki haft mikil áhrif á efasemdámenn þannig að þeir hafi viðurkennt ípróttina, heldur hafi kannski einhverjum orðið ljóst sem las bókina að ekki væri um galdraverk að ræða.<sup>49</sup>

---

47 Bowen R., og H.M Hodkinson, *Judobókin*, bls. 7.

48 Sigurður H. Jóhannsson, „Judo“, bls. 189.

49 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

## 2. kafli – Samkeppni

### Annað júðfélag stofnað

Þann 23. nóvember árið 1965 dró heldur betur til tíðinda þegar forystumenn

júðhreyfingarinnar á Íslandi boðuðu til blaðamannafundar á Hótel Borg við Austurvöll.<sup>50</sup>

Var ætlunin að tilkynna fjölmiðlum um nýstofnað júðfélag: Judokwai. Þeir sem stóðu fyrir þessu félagi voru menn sem höfðu áður verið aðalmennirnir á bak við júðódeild Ármanns. Í stjórn þessa nýja félags störfuðu þrír menn. Formaður þess var Ragnar Jónsson og honum til aðstoðar voru þeir Reimar Stefánsson og Sigurður H. Jóhannsson. Júðómennirnir voru búnir að fá nóg af Ármanni og höfðu um tíma viljað kljúfa sig frá félaginu. Eins og svo oft áður þá voru peningar ein ástæðan fyrir þessum klofningi. Ármann fékk hluta af félagsgjöldum þeirra sem æfðu í júðódeildinni og sennilegast hafa júðómenn verið óánægðir með þá aðstöðu sem þeir fengu fyrir félagsgjöld sín. Skiljanlegt er að pirringur hafi verið í júðómönnum ef þeir hafi ekki fengið frið til þess að æfa eins og þeir vildu. En til þess að geta klofið sig frá Ármanni og stofna eigið júðófélag þurfti húsnaði og dýnur, en til þess að geta komið sér upp nýrri æfingaaðstöðu þurfti peninga.

Upphaflega hugmyndin var samt sú að tala við mann sem hafði verið farinn að æfa í júðódeildinni og hafði yfir miklum peningum að ráða og fá hann til að hjálpa deildinni við að fjárfesta í nýju æfingahúsnaði. Þessi maður var Hörður G. Albertsson,<sup>51</sup> lögfræðingur og forstjóri, og líklegt er að hann hafi auðveldað þeim sem stofnuðu Judokwai mjög í þessum klofningi frá Júðódeild Ármanns. Fljótlega áttuðu júðómennirnir sig þó á því að það væri hugsanlega ekki besta leiðin að halda áfram með júðóið innan Ármanns: „Það gekk ekkert fyrir okkur að halda áfram með þetta innan Ármanns vegna þess að þá myndi Ármann bara fá þetta. Svoleiðis að við fórum út í það að reyna, allir þeir sem voru elstir í þessu, [og] stofnuðum þetta félag.“<sup>52</sup> Sú ástæða sem var gefin í fjölmiðlum fyrir þessum klofningi var í eðli sínu ekki lygi, en hún sagði samt sem áður ekki allan sannleikann, vegna þess að þegar Sigurður var spurður um hvers vegna þetta nýja félag hafði verið stofnað svaraði hann á þessa leið: „Við hreinlega sprengdum utan af okkur. Við urðum að komast í betra húsnaði og þess vegna kusum við þetta ráð.“<sup>53</sup> Húsnaðisvandræði og óánægja með æfingatíma sem fengust í Ármanni virðast þó ekki hafa verið eina ástæðan fyrir klofningnum, því að svo virðist sem júðómönnum hafi einnig þótt Íþróttafélagið

50 Hvort það var ætlun þeirra að halda fundinn í þessari höll íslenskra glímuíþróttar veit ég ekki. Jóhannes Jósefsson byggði hótelið á fyrri parti 20. aldarinnar fyrir peninga sem hann hafði unnið sér inn við að sýna íslenska glímu í evrópskum og bandarískum fjölleikahúsum. Þetta er því merkilegur staður til að koma með svona stórar yfirlýsingar.

51 Viðtal. Höfundur við Magnús Ólafsson, 24. nóvember 2012.

52 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

53 „Júðófélag stofnað“, bls. 2.

Ármann einblína of mikið á keppni, vegna þess að í tilkynningu um stofnun Judokwai er mikið rætt um að allir, ungir sem aldnir, ættu að stunda íþróttir og að ekki ætti að einblína eingöngu á íþróttaiðkun til keppni, heldur einnig til að bæta líkamlega hreysti og hafa gaman að:

Nú er það svo, að margir hafa áhuga á að þjálfra sig, en telja sig ekki eiga samleið með þeim, sem æfa íþróttir með keppni í huga, og hafa margir hætt öllum æfingum þegar þeir hafa álitnið sig komna yfir keppnisaldur. [...] Judo er alls ekki íþrótt neins sérstaks aldursflokks. Í allt of mörgum íþróttum gleymist iðkandinn, þegar keppnistímabilinu í ævi hans er lokið. Judo glímir hinn ungi og hrausti af krafti og atorku, en er hann eldist glímir hann af list. Þetta finnst okkur gefa judo mikið gildi, að iðkandi þess er fullgildur þátttakandi og getur í mörgum tilfellum skákað ungum keppismönnum þótt hann sé orðinn roskinn að árum, og er það ekki tilgangurinn með æfingum að halda við sem lengst þeirri orku, sem manni hefur hlotnast? Og veitir það ekki lífshamingju að finna sig fullgildan í íþrótt sinni, þótt aldurinn færir yfir?<sup>54</sup>

Þannig gæti verið að stofnun þessa nýja júdófélags hafi verið tilkomin af tveimur ástæðum, annars vegar húsnaðisleysi og hinsvegar að júdómönnum þótti of mikið hugsað um keppni og að iðkandinn sjálfur hafi þar með gleymst. Einnig gæti verið að júdómenn hafi haldið að auðveldara væri að koma íslensku júdói á kortið og komast til keppni erlendis ef júdómennirnir fengu sjálfir að ráða hvernig og hvenær það yrði gert, en Sigurður sagði til dæmis að stofnun þessa nýja félags hefði verið til að „koma á föstu skipulagi á iðkun judo hér á landi og afla íslenskum judomönnum viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Judokan hefur nú hlotið viðurkenningu alþjóðasambands judomanna og hafa því þeir sem æfa judo á vegum Judokan rétt til þátttöku í keppni erlendis til jafns við aðra judoklúbba erlenda.“<sup>55</sup>

Æfingar þessa nýja júdófélags fóru fram í húsi KFUM við Langagerði 1 og þar á að hafa verið pláss fyrir 20 manns til að æfa í einu<sup>56</sup> sem hlýtur að hafa verið meira rými en júdóiðkendur höfðu áður haft í því húsnaði sem Ármann hafði útvegað þeim.

Judokwai auglýsti byrjendanámskeið í byrjun árs 1966 og hvatti fólk til að mæta því von væri á komu þjálfara erlendis frá til Íslands og gott væri ef þeir sem myndu sækja þetta byrjendanámskeið væru orðnir nógu færir til að geta mætt í framhaldstíma hjá þessum

---

54 „Nýtt íþróttafélag í Rvík“, bls. 12.

55 „Í Karate þarf sjálfstjórn og einbeiti auk líkamspjálfunar“, bls. 2.

56 „Júdófélag stofnað“, bls. 2.

erlenda þjálfara. Einnig var rætt um í auglýsingunni hugsanlegar gráðukeppnir, líkt og fimmmenningarnir höfðu farið á í London árið 1964, og sagt er í auglýsingunni að þessar stigveitingar innan Judokwai væru viðurkenndar á alþjóðlegum grundvelli. Hinn 26. febrúar lenti svo á Íslandi þjálfari breska landsliðsins í júdó, Kisaburo Watanabe, en hann hafði eftir að hafa orðið Tókýómeistari í Íþróttinni árið 1957 og Asíumeistari 1958 einbeitt sér að því að þjálfa júdó.<sup>57</sup> Watanabe staldraði þó stutt við en örugglega hefur vera hans á Íslandi og kennsla orðið íslenskum júdomönnum til mikils gagns, auk þess sem koma hans hefur eflaust aukið metnað einhverra Íslendinganna.

Hið nýstofnaða júdófélag, Judokwai, staldraði ekki lengi við í þeirri aðstöðu sem þeir höfðu í húsi KFUM því um haustið 1966 voru þeir komnir á efstu hæð í húsi Júpiter og Mars á Kirkjusandi. Þetta var leiguhúsnæði og virðist aðstaðan þarna hafa verið til mikillar fyrirmyndar. Fyrir utan að hafa tvo sali, annan 160 fermetra að stærð og hinn 128 fermetra voru í húsinu bæði kerlaugar og sturtuadstaða. Að hafa húsnæði útaf fyrir sig hlaut að hafa verið gríðarlegur kostur fyrir Judokwai því þá gat félagið raðað stundatöflu sinni upp eins og þeir vildu auk þess sem félaginu gafst tækifæri til þess að gefa hópum, starfsmannafélögum og þess háttar kost á að koma á æfingar utan stundatöflu.

Árið 1967 ferðuðust sex íslenskir júdomenn úr Júdófélagi Reykjavíkur, en svo hét Judokwai eftir að félagið skipti um nafn til að samræmast reglum Íþróttasambands Íslands, til Skotlands þar sem fimm þeirra fóru meðal annars í gráðupróf. Sigurður H. Jóhannsson hlaut við það 2. dan-gráðu frá forseta Alþjóðajúdosambandsins, C. Palmer og Ichiro Abe, fulltrúa Kodokan í Evrópu.<sup>58</sup>

Þrátt fyrir að langflestir júdóíðkendur á Íslandi hafi yfirgefið júdódeild Ármanns til að taka þátt í starfi nýja júdófélagsins þá var júdódeild Ármanns ekki lögð niður og deildin alls ekki dauð úr öllum æðum. Júdódeild Ármanns tók á leigu stórt húsnæði í Ármúla og með hjálp margra félagsmanna tókst að koma þessu húsnæði í hið þokkalegasta ástand. Sú aðstaða sem Ármenningar voru nú búnir að útbúa sér var einkar glæsileg. Plássið var 330 fermetrar, tveir æfingasalir, kynjaskipt gufuböð og búningsklefar með sturtum, tvær nuddstofur ásamt hvíldarstofu, eldhús og setustofa. Virðist sem svo að þetta húsnæði hafi átt að þjóna fleiru en aðeins júdóæfingum, og að áherslan hjá deildinni var nú meira farin að beinast að almennri heilsurækt líkt og stofnendur Judokwai höfðu haft í huga. Nú voru aftur komnir yfir í Ármann þeir Reimar Stefánsson og Ragnar Jónsson, sem höfðu áður verið í stjórn Júdófélags Reykjavíkur. Kannski hafa þeir verið ósáttir með gang mála hjá Júdófélagi Reykjavíkur, en virðast þá hafa verið komnir á rétta hillu hjá Ármenningum þar

---

57 „Judokappi“, bls 16.

58 Judófélag Reykjavíkur, „Frægir judo-kappar væntanlegir hingað“, bls. 13.

sem þjálfunin í Ármanni á að hafa verið ætluð öllum og „álitin aðgengileg fyrir íþróttafólk, sem ekki er lengur í keppni, og aðra, sem áhuga hafa á því að halda líkama sínum í þjálfun“. Einnig voru uppi hugmyndir um að hafa sérstaka húsmæðratíma, hádegisæfingar handa fólki sem komst ekki á kvöldin auk þess sem boðið var upp á „grennandi hádegisverð fyrir þá sem vilja grenna sig“.<sup>59</sup> Einnig var þarna boðið upp á nudd og slökun þannig að í raun má segja að þarna hafi verið á ferðinni einhverskonar heilsulind með júdópema.

Skömmu eftir að Ármenningar voru búnir að koma sér fyrir í þessu nýja húsnæði sínu kom á vegum félagsins japanskur júdómeistari, Kiyoshi Kobayashi. Hann starfaði hjá hinu alþjóðlega júdósambandi Kodokan og bar gráðuna 7. dan. Kobayashi var duglegur við að ferðast á milli landa bæði til að kynna íþróttina og sennilega líka til að sjá hvernig ástand íþróttarinnar væri á hinum ýmsu stöðum.<sup>60</sup> Hann starfaði sérstaklega undir japanska júdósambandinu við að byggja íþróttina upp um allan heim og frægust er sagan af því hvernig honum gekk að breiða íþróttina út um Portúgal. Þegar hann kom fyrst til Portúgal um 1960 eiga að hafa verið þar um 10-20 hræður sem æfðu júdó. Svo góður var árangur Kobayashi að áratug síðar var íþróttin orðin mjög útbreidd og 15.000 manns lögðu þá stund á hana.<sup>61</sup> Hvort að þessi mikla aukning hafi alfarið verið Kobayashi að þakka er erfitt að segja til um, en vafalaust hefur hann átt einhvern þátt í henni.

Greinilega þótti mikilvægt í huga beggja júdófélaganna að fá erlenda júdómenn til Íslands, þar sem í febrúar 1968 komu til Íslands tveir breskir júdómenn á vegum JR. Annar var Alex Fraser, sem hafði áður komið til Íslands, og hinn var George Kerr, þáverandi Bretlandsmeistari í millivigt. Kerr hafði einnig unnið tvö silfurverðlaun í Evrópumeistarakeppni þannig að hér var um tvo gríðarlega færa júdómenn að ræða. Íslandsferð þessara tveggja kapp hlýtur að hafa undirbúið þá Sigurð H. Jóhannsson og Sigurjón Kristjánsson fyrir þátttöku þeirra í Júdómóti Norðurlanda sem háð var 27. og 28. apríl 1968. Á þessu móti unnu þeir sitthvora glímuna í sínum flokkum, auk þess að Sigurjón vakti mikla athygli áhorfenda fyrir framgöngu sína gegn finnskum júdómanni, sem talinn var afar sigurstranglegur á mótinu en endaði í öðru sæti. Sigurjóni tókst þrisvar sinnum að losa sig úr fastataki Finnans, en þó kom að því að Sigurjón tapaði að lokum fyrir Finnannum. Þetta var líklega í fyrsta skiptið sem Íslendingar kepptu gegn öðrum Norðurlandþjóðum í opinberri keppni, og má því hugsanlega segja að þetta marki upphafið að samvinnu Íslands við Norðurlöndin í þeim efnum.

---

59 „Konum gefinn kostur á judó-æfingum“, bls. 3.

60 „Frægur judó-kappi dvelst hér á vegum Ármenninga“, bls. 13.

61 „Þekktur judókappi heimsækir Ísland“, bls. 12.

Með því að taka þátt í Norðurlandamótinu þá tókst JR takmark sitt að nokkru leyti, en það hafði verið að koma Íslendingum meira inn á alþjóðlegan vettvang júdósins. Samkvæmt Alþýðublaðinu var takmark JR að „vinna að því að koma á samvinnu allra, sem leggja stund á Júdó hér á landi, með það fyrir augum að gerast fullgildur aðili að Judosambandi Evrópu.“<sup>62</sup>

Til þess að gerast fullgildir aðilar að evrópska júdósambandinu þurfti júdóið að vera innan Íþróttasambands Íslands. Það gekk þó ekki sem skyldi, því að þó svo Júdófélag Reykjavíkur, sem þá kallaðist enn Judokwai, hafi fljótlega sótt um inngöngu í Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþróttasamband Íslands fór umsókn þess ekki í gegn vegna „nokkurra formsatriða“. Sigurður H. Jóhannsson vill meina að þáverandi forseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson hafi haft eitthvað um þetta að segja.<sup>63</sup> Kannski fannst ÍSÍ þetta mál ekki vera aðkallandi þar sem aðeins voru tvö félög starfandi á landinu. Málið var hins vegar leyst á þann hátt að stofnuð var júdónefnd ÍSÍ sem fór með öll mál júdómanna á Íslandi þar til Júdósamband Íslands var stofnað.

Félagsmenn JR reyndu að sameinina alla sem lögðu stund á júdó á Íslandi þegar þeim barst bréf frá danska júdósambandinu í byrjun árs 1968. Þetta bréf var boð frá Júdósambandi Danmerkur til Íslendinga um að fá að keppa á Norðurlandamótinu í Kaupmannahöfn um vorið 1968. JR sendi bréfið áfram til Ármenninga í von um að félögin gætu sameinast um þátttöku á mótinu. Svar Ármenninga hlýtur að hafa valdið miklum vonbrigðum í herbúðum Júdófélags Reykjavíkur því það hljómaði á þann veg að Ármenningar hefðu lítinn áhuga á þessu boði, sem hefði kannski getað orðið mikil lyftistöng fyrir íslenskt júdó, því þarna var íslenskum júdómönnum sérstaklega boðið að taka þátt í alþjóðlegu móti, þrátt fyrir það að vera ekki orðnir fullgildir meðlimir í neinu alþjóðlegu júdósambandi. Eftir mótið var Sigurði H. Jóhannssyni boðið sérstaklega að sitja stjórnarfund Júdósambands Norðurlanda þar sem hann gerði meðal annars grein fyrir ástandi íþróttarinnar á Íslandi. Á þessum fundi var ákveðið að næsta Norðurlandamót yrði haldið í Svíþjóð tveimur árum síðar, og að Íslendingum myndi verða boðin þátttaka, þrátt fyrir að vera ekki aðilar að Júdósambandi Norðurlanda, en vonast var þó eftir að Ísland væri þá orðinn fullgildur aðili þessa júdósambands.<sup>64</sup>

Í júlí 1968 áttu tveir merkir júdómenn að koma til Íslands. Annar þeirra var einn af fulltrúum japanska júdósambandsins í Evrópu, Ichiro Abe, en hann var með 7. dan. Hinn var Syd Hoare, 4. dan, og mikill keppismaður. Þeir komu til Íslands á vegum Júdófélags

---

62 „Góður árangur Íslendinga á Júdómóti Norðurlanda“, bls. 10-11.

63 Viðtal. Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. nóvember 2012.

64 „Góður árangur Íslendinga á Júdómóti Norðurlanda“, bls. 10-11.

Reykjavíkur. Hoare ætlaði að dveljast á Íslandi um tíma og þjálfa íslenska júðómenn. 26. júlí kom hann til Íslands, en óvíst er hvenær Abe kom til landsins.<sup>65</sup>

Koma þessara tveggja júðómanna hefur þó líklega ekki haft sömu áhrif og koma júðómeistara í boði Íþróttasambands Íslands rétt fyrir jólin 1969. Hér var aftur kominn til Íslands Kyoshi Kobayashii, 7. dan, en hann hafði áður komið til Íslands, þá á vegum júðódeildar Ármanns þar sem hann kenndi í nokkra daga. Var hann kominn til Íslands sem tæknilegur ráðgjafi fyrir nýstofnaða nefnd innan Íþróttasambandsins sem átti að fara með öll þau mál sem viðkomu júðó. Þetta var hin svokallaða júðónefnd sem átti að vera Íþróttasambandinu til ráðgjafar. Það hlýtur að hafa verið mikil lyftistöng að fá svona virtan júðómann til að hjálpa til við starf hennar, enda var Kobayashi beintengdur japanska júðósambandinu.<sup>66</sup>

Fljótlega eftir Norðurlandamótið 1968 voru íslenskir júðómenn farnir að hugsa til þess næsta, sem átti að eiga sér stað í Stokkhólmi 1970. Í ágúst 1969 var orðið greinilegt að fyrir íslenskum júðómönnum var þátttaka þeirra í þessu móti ekkert grín og að þeir ætluðu að æfa almennilega fyrir það. En hvernig var hægt að undirbúa júðómennina fyrir erlend stórmót án þess að kosta miklu til og senda þá erlendis til æfinga? Júðófélag Reykjavíkur tók á það ráð að efna til innanfélagsmót sem væri beinn liður í undirbúningi fyrir Norðurlandamótið. Nú voru félagsmenn Júðófélagsins sennilega orðnir mjög vanir því að glíma hver við annan, vissu hvaða brögð hverjum og einum þætti best að nota og hvernig þeir hreyfðu sig. Þetta verður júðómönnum að miklu ógagni þegar þeir fara svo á nýjan stað og glíma við nýja andstæðinga, eins og sést greinlega í ferð fimmmenninganna til Bretlands og Danmerkur árið 1964. Þá kom í ljós að geta þeirra í gráðukeppninni var kannski ekki alveg marktæk, því um leið og þeir voru farnir að venjast því að glíma við Bretana á æfingum á að hafa komið betur í ljós hversu nálægt íslenskir júðómenn stóðu þeim bresku að getu. Júðófélagið tók þá á það ráð að hafa aðeins keppni í tveimur flokkum á þessu móti, en venjulega var keppt í fimm flokkum sem skipt var niður eftir þyngd. Í þessu tveggja flokka móti var þátttakendum einnig skipt eftir þyngd, yfir og undir 80 kg. Var þetta sennilega gert til að fá fleiri og fjölbreyttari andstæðinga fyrir hvern og einn.<sup>67</sup>

### **Deilur á milli félaga**

Klofningur Júðófélags Reykjavíkur út úr Júðódeild Ármanns var langt frá því að vera sársaukalaus fyrir Ármennina og líklegt er að þessar deilur hafi átt sér lengri

---

65 „Heimsfrægir júðómeistarar koma hingað“, bls. 2 og Judófélag Reykjavíkur, „Frægur júðókappi væntanlegur hingað“, bls. 11, 14.

66 „Þekktur júðókappi heimsækir Ísland“, bls. 12.

67 „Júðómót á morgun“, bls. 11.



aðdraganda.<sup>68</sup> Lengi vel eimdi eftir af þessum deilum en þær urðu aldrei nógu alvarlegar til að hindra framför júdóíþróttarinnar á Íslandi að einhverju leiti, á hinn bóginn er mjög gaman að skoða aðeins í hvaða mynd þær birtust.

Þann 27. mars árið 1969 var birt á íþróttasíðu *Tímans* mjög athyglisvert bréf. Það var undirritað af „fyrirverandi júdókonu“ og var fyrirsögn bréfsins „Judo dýrasta sport á Íslandi?“. Í bréfinu kvartaði konan undan hækkun gjalda fyrir æfingar í Júdódeild Ármanns, sem þegar höfðu verið há fyrir. Mánaðarverðið hafði þá hækkað um tæplega 67%, út 450 krónum í 750 krónum. Nefnir hún að hún finni fyrir mikilli óánægju meðal félagsmanna með þessa hækkun og að hún sjálf sjái sér ekki fært að halda áfram að æfa vegna þessara hækkana. Íþróttasíða *Tímans* staðfesti þessa óánægju félagsmanna með að skýra frá því að fleiri aðilar hafi komið sér í samband við *Tímann* og skýrt frá sömu óánægju.<sup>69</sup>

Um viku eftir að þetta bréf birtist í *Tímanum* var prentað á íþróttasíðu blaðsins frá félagsmanni Júdófélags Reykjavíkur sem kvaðst undrandi á flest öllu sem birtist í bréfi þessarar fyrirverandi júdókonu. Hann sagðist aðeins borga 3000 krónur fyrir árið í Júdófélagi Reykjavíkur og sagði að enginn í þeirra herbúðum kvartaði undan of háu verði. Einnig benti hann á að til væru mun dýrari íþróttir til að stunda á Íslandi og tekur sem dæmi stangveiði, golf og skotveiði. Einnig notaði hann tækifærið til að benda á að „[f]élagsandinn í JR [væri] líka til fyrirmyndar og allir boðnir og búnir til að hjálpa öllum til nokkurs þroska í íþróttinni, þjálfarinn mjög áhugasamur og kann sitt fag að því er mér virðist mjög vel“.<sup>70</sup> Miðað við þessar tölur voru æfingagjöldin í Ármanni óneitanlega mun hærri hjá Júdódeild Ármanns en hjá Júdófélagi Reykjavíkur. Hvort þessi lúmska aðferð nafnlausu mannsins sem æfði hjá JR til að benda á að JR stæði mun framar í þessum eignum er vísbending um að JR hafi virkilega borið hag félagsmanna fyrir brjósti eða að illt hafi verið á milli félaganna og að þessi tiltekni júdómaður hafi nýtt sér tækifærið til að reyna að veikja Júdódeild Ármanns með því að birta þessar upplýsingar skal ósagt látið.

Svar barst seint og um síðir frá Júdódeild Ármanns og birtist það einnig á íþróttasíðu *Tímans*, í formi langrar greinargerðar. Það fyrsta sem er tekið fram í þessari greinargerð er að júdódeildin hafi orðið fyrir vonbrigðum með að þessi kona hafi ekki farið beint með þessa kvörtun til þeirra. Mögulega hefði hún getað gert það en ekki er víst að hún hefði þá fengið sömu viðbrögð, kannski langaði henni jafnvel til að skapa ákveðna umræðu.

---

68 Viðtal. Höfundur við Eysteinn Þorvaldsson, 22. nóvember 2012.

69 „Judo dýrasta sport á Íslandi?“, bls. 13.

70 „Meira um judó“, bls. 9.

Stjórnin játaði það án þess að skammast sín að æfingagjöldin hefðu verið hækkuð, en samkvæmt þeim þá var hægt að borga fyrir þrjá mánuði í senn 1500 krónur, en áður hefði verið hægt að borga fyrir þrjá mánuði 1350 krónur. Hækkunin hefði semsagt verið 50 krónur á mánuði, ef þrír mánuðir voru greiddir í einu, sem þeir töldu alls ekki mikið. Þetta jafngildir rétt rúmlega 10% hækkun á æfingagjöldum sem í sjálfu sér er ekki mikil hækkun. „Fyrirverandi júdókonan“ var þó að tala um gjald fyrir einn mánuð í senn, sem stjórn Júdódeildarinnar viðurkennir fúslega í þessari greinargerð að hafi hækkað um 50%, en það hafi verið til að fæla fólk frá því að greiða, og hugsanlega æfa, aðeins í einn mánuð í senn. Þjálfun júdódeildarinnar miðaðist við þriggja mánaða þálfun og auk þess „sýndi reynslan að eins mánaðar þátttaka í flokknum [...] leiddi til þess að eyður mynduðust, sem illa fór á að fylla með byrjendum“. En hverjar voru þá ástæður þessara hækkana? Fyrst og fremst vildu stjórnarmeðlimir Júdódeildar Ármanns kenna efnahagsástandinu um, eða eins og þeir kjósa að segja í greinargerðinni:

Hvers vegna hafa margar konur ekki efni á að vera með lengur? Eru það þessar kr 50 til viðbótar á mánuði sem skera úr um það? Er ekki sennilegra, að rýrnandi greiðslugeta almennings í landinu valdi, þessir erfiðu tímar, sem líka bitna á íþróttastarfsemi? Þess vegna er ástæða til að spyrja: Hvernig er mögulegt að sleppa við meiri hækkun þrátt fyrir gengislækkunina? Svarið felst í því að með örari innheimtu gjalda og þriggja mánaða námskeiðum, komast af með þetta, án þess að draga alla starfsemina niður í það eymdarástand fjárhagslegs getuleysis, sem flest íþróttafélög í landinu lifa við, ef líf skyldi kalla.

Seinna í greinargerðinni stendur þó að „Við könnumst við það kinnroðalaust, að JÁ býr í húsnaði, sem mun vera með því bezta íþróttahúsnaði sem gerist hér á landi. Hverju skyldi það vera að þakka öðru en því, að féð, sem aflað hefur verið, hefur runnið óskipt til uppbyggingar? [...] Hvaða vit væri í því að lækka gjöldin svo, að bæði þjálfarar og þeir, sem þjálfunar nytu, yrðu að setta sig við hörmungarhúsnaði?“<sup>71</sup> Út frá þessu má álykta að það hafi kannski ekki bara verið efnahagsástandinu að kenna að hækka hafi þurft æfingagjöldin, heldur líka dálítilli þrjósku í Ármanningum sem vildu halda þeirri stöðu að hafa glæsilegustu æfingaaðstöðuna á Íslandi. Einnig er fremur léleg ástæða sem þeir draga fram í lokin, það er að von sé á japönskum júdóþjálfara sem fá laun sem miðuð eru við

---

71 „Júdódeild Ármanns svarar“, bls. 13, 12.

gengi Bandaríkjadollarans.<sup>72</sup> Ef menn hafa ekki efni á að borga svo há laun, þá þurfa þeir að leita á önnur mið. Það hefur samt verið erfitt fyrir Júðódeild Ármanns að leita á önnur mið, þar sem erlendir þjálfarar voru nauðsynlegir.

Hinn 27. nóvember 1969 var haldið í JR hið svokallaða haustmót JR. Keppt var í tveimur þyngdarflokkum, -75 kg og +75 kg flokkum. Tíu keppendur mættu til leiks og herma heimildir að flestar glímurnar hafi verið skemmtilegar og júðómenn hafi verið tilbúnir að takast á. Hefur þetta eflaust verið góð æfing fyrir Norðurlandamótið á komandi ári.

Fyrir tilstuðlan Kobayashi kom til Íslands hinn 29 ára gamli Japani N. Yamamoto, 5. dan, til að þjálfja júðó hjá Júðódeild Ármanns, auk þess að þjálfja einn flokk við Háskóla Íslands, en það var flokkur fyrir byrjendur í karlajúðó. Þessi þjálfari átti að þjálfja fram á vorið 1970.<sup>73</sup>

Svo virðist sem að aðstandendur Júðófélags Reykjavíkur hafi ekki verið neitt sérstaklega ánægðir með störf júðónefndarinnar sem hafði verið búin til og átt að fara með öll mál júðómanna fyrir hönd Íþróttasambandsins. Júðófélag Reykjavíkur birti opinbera fyrirspurn í *Alþýðublaðinu* þann 12. mars 1970 sem beint var til Gísla Halldórssonar, forseta Íþróttasambands Íslands. Þar krafðist félagið þess að Gísli myndi gefa svör við eftirfarandi spurningum:

Hvað hefur ÍSÍ, sem er sérsamband Judomanna hér, skipulagt mörg mót og hvað mörg þeirra hafa verið haldin? Hve margir judomenn hér hafa verið skráðir til þátttöku í móti á vegum ÍSÍ, og frá hvaða félögum? Er það ekki rétt, að Íslandi sé boðið að taka þátt í meistaramóti Norðurlanda í Gautaborg 25.-26. apríl n.k. og hefur sérsamband Judomanna, ÍSÍ, hafið nokkurn undirbúning eða kannað möguleika á þátttöku í því?

Þetta voru mjög óvægnar aðdróttanir hjá Júðófélaginu, því með þessu var félagið opinberlega að benda á að ÍSÍ ynni ekki mjög vel að málefnum júðósins á Íslandi. Það sem virðist þó mest hafa farið í taugarnar á Júðófélaginu var hvernig stjórn þessarar júðónefndar var samsett. Í henni voru þrír menn, „[t]veir þessara manna eru Ármenningar, og var annar þeirra skipaður formaður, hvorugur þessara manna leggur stund á Judo. Þriðji nefndarmaður var frá JR. [...] Þessi maður var fljótlega sniðgenginn af nefndinni og formanni hennar. Þetta er hægt að staðfesta með því að fara í gegnum bréf og bókanir.“ JR-

72 „Júðódeild Ármanns svarar“, bls. 13, 12.

73 „Nýr þjálfari ráðinn hjá Júðódeild Ármanns“, bls. 26.

ingar töldu sem sagt að þeir fengju ekkert fyrirvar hjá júdónefndinni og ýjuðu einnig að því í þessari fyrirspurn að þetta áhugaleysi júdónefndarinnar gæti orsakast meðal annars af því að Júdódeild Ármanns var ekki tilbúin, eða ætti ekki nógu færa keppnismenn, til að taka þátt í keppni. JR-ingar sögðust eiga fjölda keppnismanna sem hefðu verið tilbúnir í mörg ár að fara til keppni erlendis. Júdófélagið greindi jafnframt frá því að félagið hafi margoft kvartað undan þessum aðstæðum til stjórnar ÍSÍ en ekki fengið viðtalstíma fyrr en mörgum mánuðum eftir það. Gísli Halldórsson fann sér þó að lokum tíma til að ræða þessi mál, en „því miður hafði hann ekki tíma til þess að leyfa að vitnað væri í bréf og aðrar bókanir, sem hefðu etv skýrt þessi mál fyrir háttvirtri stjórn ÍSÍ, sem var viðstödd“.<sup>74</sup> Skömmu eftir að þessi fyrirspurn var birt í blöðunum gaf júdónefnd ÍSÍ út tilkynningu þar sem kom fram að ætlunin væri að halda páskamót þann 22. mars 1970.<sup>75</sup> Þetta mót átti að vera samhliða júdódegi, sem ákveðið var að skyldi haldinn, og má segja að mikið hafi verið um dýrðir. Kyoshi Kobayashi var fenginn til Íslands til að stjórna deginum. Þessi júdódagur var að miklu leyti kominn til að frumkvæði Júdódeildar Ármanns, ásamt ÍSÍ.<sup>76</sup> Júdófélag Reykjavíkur hefur líklega ekki fengið að vera með í undirbúninginum.

Aðalþáttur júdódagsins var þó páskamótið, sem í raun má kalla fyrsta júdómótið á Íslandi þar sem þetta var í fyrsta skipti sem júdómenn úr tveimur mismunandi félögum tóku þátt í keppni. Svo virðist sem að þátttakendum í mótinu hafi ekki verið skipt upp í flokka eftir þyngd, heldur hafi verið keppt í einum stórum flokki þar sem þyngd skipti engu máli. Glímur í svona opnum flokkum geta oft orðið athyglisverðar, þar sem þyngdarmunur á mótherjum getur hæglega verið 30 kg. Þetta var útsláttarkeppni og því fengu sumir hugsanlega aðeins að glíma eina glímu, ef þeir töpuðu fyrstu glímunni. Til úrslita í þessu móti kepptu þeir Svavar Carlsen og Sigurður Kr. Jóhannsson, en Sigurður sigraði á stigum.<sup>77</sup> Eins og mótið var upphaflega kynnt átti Svavar Carlsen ekki að mega keppa á mótinu, þar sem þeir sem voru með 1. dan eða hærra máttu ekki keppa, þátttaka var einungis heimiluð þeim sem höfðu 5.-1. kyu.<sup>78</sup> Svavar skrifaði hins vegar opið bréf til júdónefndar ÍSÍ og benti á hversu einkennilegt það var að þeim „sem lengzt og bezt hafa æft judo“ sé meinuð þátttaka í keppninni.<sup>79</sup> Sennilega hefur þetta mál endað þannig að júdónefndin hefur séð að sér, fyrst að Svavar fékk greinilega að keppa á mótinu þar sem hann komst á verðlaunapall.

---

74 „Fyrirspurn til forseta ÍSÍ frá Judofélagi Rvíkur“, bls. 12.

75 „Fyrsta judo-mótið á Íslandi 22. þm.“, bls. 2.

76 „Júdódagurinn er á morgun“, bls. 2.

77 „Fyrsta Judo-mótið hér“, bls. 26-27.

78 „Páskamót í Judo“, bls. 13.

79 Svavar Carlsen, „Stutt bréf til „judonefndar“ ÍSÍ“, bls. 5.

Þó svo að mótið hafi verið hápunktur júðódagsins var það ekki það eina merkilega sem var í gangi á vegum júðófólks á þessum tíma. Japanarnir tveir sem voru staddir á Íslandi, þeir Yamamoto og Kobayashi, heldu júðósýningu þar sem þeir fóru meðal annars í gegnum nokkur Kata-form. Kata-form eru röð fyrirfram ákveðinna hreyfinga og bragða. Sigurður H. Jóhannsson skýrir frá því að þó að sér hafi þótt þessi sýning stórglæsileg þá efaðist hann um að þeir sem hafa ekki haft mikið vit á júðó, eða kynnt sér það vel, hafi skilið almennilega hvað fór þarna fram. Bendir hann á að kannski hafi sýningin ekki verið skýrð nógu vel fyrir áhorfendum.

Auk mótsins og sýningarinnar glímdi Yamamoto á móti 10 mun lægra gráðuðum júðómönnum en hann sjálfur var, og líklegast hefur hann látið þessa júðómenn líta út eins og lítil börn. Svona kynning á júðó getur örugglega haft góð áhrif og aukið trú fólks á íþróttinni, en á sama tíma er þetta örlítið ósanngjarnt að kynna íþróttina á þennan hátt, þar sem mjög fáir hafa getu, hæfileika og tíma til að ná slíkum árangri í júðó líkt og Yamamoto og Kobayashi höfðu náð.<sup>80</sup>

Sigurður segir að Kobayashi hafi sagt við sig að Íslendingar þyrftu að keppa miklu meira ef þeir ætluðu að ná virkilega góðum árangri í júðó. Sigurður segir einnig að þetta hafi heldur ekki verið „neitt ágreiningsmál meðal þeirra, sem iðka judo hér, og von okkar og reyndar nokkurn veginn vissa er að ÍSÍ fer nú að taka þessi mál föstum tókum, og gerum við ráð fyrir að ekki líði á löngu unz næsta opinbera keppni í judo fari fram hér“.<sup>81</sup> Hugsanlega hefur ástandið á milli JR annars vegar og Júðódeildar Ármanns og júðónefndarinnar hins vegar eitthvað skánað með júðódeginum, þar sem júðónefndin og Ármenningar sýndu að þeim væri ekki alveg sama um keppnir og þess háttar og væru tilbúin til að leggja hönd á plóg við að bæta júðómenninguna á Íslandi.

Íþróttasamband Íslands hefur greinilega séð að íslenskir júðómenn þyrftu á keppni að halda til að bæta sig og því leið ekki á löngu þar til næsta mót var haldið. ÍSÍ fól þá Júðófélagi Reykjavíkur að halda mót 9. maí. Í þessu móti var mönnum skipt upp eftir þyngdarflokkum auk þess sem tveir skoskir júðómenn voru fengnir til að keppa á mótinu, líklegast til að auka fjölbreytni júðómanna og svo hefur sennilega ekki hljómað illa í fjölmiðlum að erlendir menn væru komnir til Íslands til að taka þátt í júðómóti. Þetta var í fyrsta skipti sem erlendir júðómenn kepptu á Íslandi á opinberu móti, en þetta voru Skotarnir C. Engebretsen og M. Mitchell, en þeir báru báðir 1. dan. Með þeim í för var enskur milliríkjadómari sem var aðaldómari mótsins.<sup>82</sup>

---

80 „Fyrsta Judo-mótið hér“, bls. 26-27.

81 „Fyrsta Judo-mótið hér“, bls. 26-27.

82 JSÍ. Skýrsla um judomót, haldið á vegum ÍSÍ 9. maí 1970 í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi, bls. 1.

Sumarið 1970 breiddist júdó út fyrir höfuðborgarsvæðið. Þorbjörn Ásgeirsson, lögregluþjónn í Vestmannaeyjum fór þá af stað með námskeið í júdó. Þetta námskeið, sem haldið var í félagsheimilinu við Heiðarveg átti að standa allt sumarið og eitthvað fram á vetur ef áhugi væri fyrir því. Sigurður H. Jóhannsson átti að koma um sumarið og svo aftur um haustið með Yamamoto, og hefði það ábyggilega haft skemmtileg áhrif á júdoiðkendurnar í Vestmannaeyjum.

Þetta sama sumar var fyrsta Íslandsmeistaramótið í júdó haldið. Á mótið, sem haldið var dagana 9. og 10. júlí í Laugardalshöllinni, voru skráðir 24 keppendur, 12 frá Júðofélagi Reykjavíkur, 11 frá Júðódeild Ármanns og einn frá Vestmannaeyjum. Fjöldi þátttakenda á mótinu var alls ekki mikill og menn vildu meina að tímasetning mótsins gæti hafa haft eitthvað með það að gera: Á Íslandi var júdó mest iðkað á veturnar þannig að hugsanlegt er að einhverjir hafi ekki talið sig í nógu góðu keppnisformi til að taka þátt. Einnig dreifðust menn oft um landið á sumrin vegna vinnu sinnar. Í umfjöllun um mótið kemur einnig fram að glímurnar sem fóru fram á þessu móti hafi ekki verið neitt sérlega glæsilegar, og aftur er tímasetningunni kennt um það, menn hafi verið æfingalitlir og úr formi.

Þessu móti var þannig háttað að keppendum 24 var skipt niður í átta þriggja manna undanflokka, og glímdu menn þá við tvo andstæðinga sína í flokknum, sigurvegari hvers flokks hélt svo áfram til undanúrslita. Greinilegt er að menn höfðu ekkert fyrir því að raða keppendum í þyngdarflokka á mótinu og því var þetta í raun einn stór opinn flokkur. Undankeppnin fór fram fyrri daginn, þann 9. júlí. Seinni daginn, 10. júlí, fóru svo úrslitin fram, sem sennilegast hafa verið átta manna úrslit. Fyrsta úrslitaglíman í Íslandsmóti í júdó varð á milli tveggja júðómanna úr Ármanni, þeirra Sigurjóns Kristjánssonar og Svavars Carlsen. Ef eitthvað er að marka lýsingar á úrslitaglímuni þá var sigurkastið einkar glæsilegt, en Svavar kastaði þá Sigurjóni á bragði sem kallast ippon seonage og „mátti segja að Sigurjón flygi mannhæðar háan boga áður en hann lenti flatur á gólfinu“.<sup>83</sup> Að setja punktinn svona yfir i-ið með glæsilegu úrslitakasti á þessu fyrsta Íslandsmeistaramóti hefur eflaust verið frábært fyrir þá júðómenn sem þarna voru mættir og fyrir þá áhugamenn um júdó sem sátu eða stóðu og horfðu á. Svavar Carlsen varð þannig fyrsti Íslandsmeistarinn í júdó, og Sigurjón Kristjánsson þurfti að sætta sig við annað sætið. Í þriðja sæti varð svo Ragnar Jónsson úr Ármanni. Athyglisvert er þó og sýnir hversu stutt júdó var komið á Íslandi, að allir þrír aðaldómarar keppinnar voru erlendir, en þeir höfðu allir dvalið á Íslandi á einhverjum tímamarki, þeir Kobayashi, Yamamoto og Syd Hoare.

---

83 Sigurður H. Jóhannsson, „Skemmtilegar glímur reyndu manna“, bls. 27.

Á sama tíma og bersýnilega kom í ljós að Íslendingar voru ennþá, meira en áratug eftir að farið var að æfa júdó á Íslandi, háðir erlendum júdómönnum þá eru líka sýnilegar miklar framfarir. Að Íslandsmeistaramót hafi verið haldið var stórt skref. Nú var búið að skera úr um hver væri besti júdómaður á Íslandi, allavega á þessum tiltekna tímapunkti. Þegar Íþróttahreyfingin er komin með Íslandsmeistara þá er hún eiginlega neydd til þess að halda annað Íslandsmeistaramót til þess að gefa mönnum færi á að vinna Íslandsmeistaratitilinn frá þeim sem vann mótið síðast. Þar með er komin hvatning til hreyfingarinnar að halda fleiri mót og koma á reglu á þessi mál. Með því að búa til Íslandsmeistara var líka komin ákveðin hvatning fyrir menn að leggja meira á sig við æfingar, því þá höfðu þeir eitthvað til að keppa að. Þeir voru ekki aðeins að æfa til þess eins að æfa, heldur líka til að vinna.

Eftir mótið árið 1970 varð Íslandsmeistaramótið að árlegum viðburði innan íslensku júðöhreyfingarinnar og mætti í raun segja að það sé enn í dag einn af aðalviðburðum ársins hjá íslenskum júdómönnum, ef ekki sá stærsti. Það var næst haldið 20. mars 1971 í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi og segja má að ýmsar umbætur hafi verið gerðar á mótshaldinu frá því árinu áður. Í fyrsta lagi var það haldið seint að vetri til en árið áður hafði verið kvartað undan því að það hafði verið haldið um sumartímann, þegar æfingar voru ekki í gangi. Á öðru Íslandsmeistaramótinu hafa menn þá sennilega verið í mun betra formi miðað við mótið á undan og gæti það hugsanlega útskýrt mikla aukningu í þátttöku. Á þessu móti voru 36 júdómenn skráðir til leiks, en árið áður höfðu þeir verið 24, eða 12 mönnum færri. Einnig hafði félögum sem tóku þátt fjölgað um eitt, en nú höfðu bæst við þátttakendur frá Háskóla Íslands, en Íþróttafélag stúdenta hafði þá verið með júdónámskeið frá vetrarbyrjun 1969.<sup>84</sup> Þessi fjölgun þátttakenda gæti hafa orsakað það að menn hafi veigrað sér við að hafa bara einn opinn flokk eins og gert hafði verið síðast þegar mótið var haldið, eða séð þetta sem tækifæri til að skipta mönnum í þyngdarflokka, eins og gekk og gerðist erlendis.<sup>85</sup>

Í maí þetta sama ár voru sendir til Svíþjóðar að keppa á Evrópumeistaramótinu tveir menn, þeir Haukur Harðarson og Sigurjón Kristjánsson, ásamt þjálfaranum N. Yamamoto. Auk þeirra brá tvíburabróðir Hauks, Hörður, sér með til keppni, en hefur vafalaust borgað brúsann sjálfur á meðan Íþróttasambandið borgaði undir þá Hauk og Sigurjón. Auk júdómanna var með í för Sveinn Björnsson, varaforseti ÍSÍ og formaður Júdónefndar

---

84 „Stúdentar í judo“, bls. 26.

85 „Íslandsmótið í júdó hefst kl 13,30 í dag“, bls. 27.

ÍSí, en samkvæmt Eysteini Þorvaldssyni á Sveinn að hafa verið sá einstaklingur innan ÍSí sem vænst þótti um júdó og vann best að því að gera það að alvöru íþrótt á Íslandi.<sup>86</sup>

Enginn þessara þremmenninga komst áfram úr fyrstu umferð en allir mættu þeir gríðarlega öflugum júdomönnum. Meðal annars fékk Haukur það óskemmtilega verkefni að glíma við Frakkann Jean Mounier, sem sigraði sinn flokk á mótinu, annað árið í röð. Í þessari Svíþjóðarferð var þó ekki aðeins glímt, heldur tók Sveinn Björnsson þátt í þingi Evrópusambandsins í júdó. Það að Sveinn hafi farið með í þessa ferð og setið á þessu þingi sýnir að Íþróttasambandi Íslands stóð ekki á sama um hvað væri að gerast í júdóheiminum á Íslandi, öfugt við það sem Júdófélag Reykjavíkur vildi meina með opinberri fyrirspurn sinni sem birtist í *Alþýðublaðinu* í mars 1970.

Júdó var greinilega að eflast á þessum tíma því Ármann auglýsti í nóvember 1971 að byrjendatímum hjá félaginu hafi verið fjölgað vegna mikillar eftirspurnar.<sup>87</sup> En það er samt athyglisvert að á meðan N. Yamamoto var þjálfari hjá Ármanni þá var hann einnig að þjálfa hjá Júdófélagi Reykjavíkur,<sup>88</sup> þannig að hugsanlegt er að félögin hafi einfaldlega skipt þessum júdómeistara á milli sín. Hugsanlegt er því að aðeins of geyst hafi verið farið í að breiða júdóíþróttina út á Íslandi þar sem félögin neyddust til að skipta með sér þjálfara. Í JR var samt að finna fjöldann allan af mönnum sem voru eflaust vel undir það búnir að taka að sér einhverja þjálfun, allavega Sigurður H. Jóhannsson sem hafði lengi þjálfað á árum áður, þá hjá Ármanni, en þeir hafa vafalaust ekki verið jafn góðir þjálfarar og Yamamoto eða Kobayashi.

Halda hefði mátt að með aukinni eftirspurn og aukinni útbreiðslu myndu mótin styrkjast og verða meira spennandi. Það var þó ekki svo því á Íslandsmeistaramótið sem haldið var 16. apríl 1972 mætti aðeins 21 keppandi til leiks, en það voru færri en mættu á það fyrsta sem var haldið tveimur árum áður. Að vísu var nú sett aldurstakmark á mótið, því að þeim sem voru yngri en 16 ára var meinuð þátttaka, og það gæti hugsanlega útskýrt á einhvern hátt þessa fækkun, þó það sé ekki líklegt. Líklegra er að sú ákvörðun að halda Íslandsmeistaramót í opnum flokki á öðrum degi hafi fengið menn til að sleppa því að keppa í þyngdarflokkakeppninni og einbeitt sér frekar að opna flokknum. Stórir og þungir menn hafa eflaust hugsað með sér að sér myndi duga að taka þátt í opna flokknum og sleppt því að taka áhættuna á að meiðast í þyngdarflokkskeppninni. Þetta ár voru nefnilega haldin þrjú Íslandsmót: Íslandsmeistaramót unglinga og drengja, Íslandsmeistaramót í þyngdarflokkakeppni og Íslandsmeistaramót í opnum flokki sem fór fram 30. apríl.

---

86 Viðtal. Höfundur við Eystein Þorvaldsson, 22. nóvember 2012.

87 Judodeild Ármanns, „Judodeild Ármanns auglýsir“, bls. 26.

88 „Japanskur þjálfari“, bls. 31.



Íslandsmeistaramót unglunga og drengja var haldið þann 26. mars, en þar voru 60<sup>89</sup> júdíðkendur skráðir til keppni og keppt eftir aldursflokkum, og máttu yngstu þátttakendurnir vera 8 ára, en þeir elstu 21 árs. Þátttakendur voru aðeins úr tveimur félögum af höfuðborgarsvæðinu.<sup>90</sup>

Í þyngdarflokkskeppni fullorðinna mættu ekki nægilega margir til leiks svo hægt væri að skipta upp í fimm þyngdarflokka. Þá var tekið á það ráð að skipta í þrjú þyngdarflokka í staðinn, það er í -69 kg, -83 kg og +83 kg flokka. Sigurvegarar þessa móts voru þeir Jóhannes Haraldsson úr UMFG í -69 kg flokknum, Bjarni Björnsson úr JR í -83 kg flokknum og loks sigraði Sigurjón Kristjánsson í +83 kg. Athygli vakti að Svavar Carlsen var ekki á meðal þátttakenda á þessu móti, heldur annaðist hann dómgæslu.<sup>91</sup> Þrátt fyrir að haldin hafi verið þrjú Íslandsmeistaramót um vorið 1972 og eflaust hafa margar viðureignirnar verið glæsilegar var einn maður sem gaf lítið fyrir ástand júdó á Íslandi, eða kannski frekar ástand íslenskra júdómanna. Sigurður H. Jóhannsson skrifar í Morgunblaðið 15. júní 1972 um að það hafi vakið athygli hjá sér við að horfa á Íslandsmeistaramótin í hversu lélegu formi þátttakendur voru.

Svörin sem við fáum eru oftast hin sömu, þegar við erum að hvetja menn til að æfa betur, að þeir hafi ekki efni á að sleppa yfirvinnu. Skólastrákar segjast þurfa að lesa svo mikið. Það kemur heim við upplýsingar, sem gefnar voru á Alþingi nýlega, að skólafólk eyddi stundum allt að 80 – áttatíu – klst á viku í lestur. Hver er svo árangurinn? Við sjáum allt of mikið af ungu fólki og mönnum undir miðjum aldri með hold eins og lopa utan á beinunum. Vöðvastæling ekki til lengur. Um ástand hjarta og æðakerfis er bezt að vísa til umsagna lækna og þeirra skýrslna. Ég tel að það sé raunveruleg ástæða til að breyta til. Það verður að kynna fólk í hvað heilbrigði er, hvaða þjálfun er nauðsynleg og heilsusamleg, og hvaða æfingar eru gagnslitlar. Ég veit að ýmsir blekkja sjálfa sig með því að iðka gagnslitlar líkamsæfingar. Það er alls ekki sama hvernig þjálfað er.<sup>92</sup>

Sigurður hefur greinilega ekki aðeins áhyggjur af líkamsástandi júdómanna heldur líka almennings. Hann bendir réttilega á það að ef menn eru ekki í almennilegu keppnisformi

---

89 „Sextíu í júdó“, bls. 10.

90 „Júdómót í marz-apríl“, bls. 30.

91 „Júdómeistaramót Íslands“, bls. 30.

92 Sigurður H. Jóhannsson, „Vöðvastæling ekki til lengur“, bls. 30.

komi það þeim í koll þegar þeir glíma í stærri keppnum erlendis við andstæðinga sem þeir hafa aldrei glímt við áður og eru líklegri í miklu betra formi en þeir íslensku vegna þess að þeir þurfa ekki að vinna yfirvinnu. Einnig bar þetta ástand vott af áhugaleysi iðkenda eða hreinlega löku skipulagi þeirra. Það er erfitt að trúa því að skólapiltar hafi verið svo svakalega uppteknir við bækurnar að þeir hafa ekki getað litið upp úr þeim í tvo tíma og komið svo að þeim aftur endurnærðir og frískir. Eflaust hefur verið þröngt í búi hjá sumum vinnandi mönnum og þeir virkilega þurft að vinna yfirvinnu til að halda þakinu yfir höfðinu á sér, en einnig er strangt að ætlast til þess að vinnandi fjölskyldufólk hafi einnig átt að vera í góðu keppnisformi allan ársins hring og haft getuna til að glíma á erlendum stórmótum. Sigurður nefnir einnig að næstu skref júdósins yrðu keppni á móti erlendum júdómönnum fyrirpart vetrar, og þess vegna vonar hann að menn verði duglegir við æfingar yfir sumarið.

Erfitt er að halda að sú ósk hafi orðið að veruleika vegna þess hve léleg þátttaka var á Íslandsmeistaramótinu sumarið 1970 einmitt vegna þess að það var haldið um sumarið þegar fáir voru að æfa. Einnig gerist Sigurður svo bjartsýnn að vona að „ef til vill eru til einhverjir atvinnurekendur, sem hafa judomenn í þjónustu sinni – tilhliðrunarsamir hvað snertir að gefa þeim tækifæri til að sækja æfingar, sem einkum eru valdir til keppni. Erlendis veita mörg fyrirtæki íþróttum öflugan stuðning, þau gera sér grein fyrir þeim mikla hagnaði sem felst í góðu heilsufari starfsfólks“. Einnig er vandasamt að sjá fyrir sér að þetta hefði lagað eitthvað, vegna þess að flestir voru ekki að vinna vegna þess að þeim þótti það gaman, heldur vegna þess að þá vantaði peningana. Svo er líklegast að þeir sem hafi verið að æfa af fullum krafti hafi verið í keppnisformi og ekki látið yfirvinnu eða annað stöðva sig, þar með er líklegri að þeir hafi verið valdir til keppni og þar með hefur verið algjör óþarfi að fá fyrirtæki til að leggja hönd á plóg.

Það mætti segja að árið 1972 hafi verið fyrsta árið í sögu júdo á Íslandi þar sem virkilega mörg og sterk mót voru haldin. Í nóvember kom til Íslands hópur tékkneskra júdómanna til að keppa á móti Íslendingum. Tékkar höfðu sent Íþróttasambandi Íslands bréf þar sem þeir buðust til að senda 12 manna keppnislið til Íslands gegn þeim skilyrðum að annars vegar myndu Íslendingar sjá um uppihald Tékkanna á meðan á dvöl þeirra á Íslandi stæði, og hins vegar að Íslendingar myndu launa þeim greiðann með að senda hóp svipaðrar stærðar til Tékkóslóvakíu árið 1973. Þetta var tilboð sem erfitt var að hafna og ÍSÍ beindi málinu til júdófélaganna. Ármenningar vildu ekki taka þátt í þessu og sennilega hafa júdófélögin í Vestmannaeyjum og Háskólanum, ásamt nýstofnuðu félagi í Grindavík, einfaldlega verið hrædd um að lofa upp í ermina á sér með því að samþykkja það að vera

með. Júðofélag Reykjavíkur var þó reiðubúið til að taka á móti þessum erlendu júðóköppum og fór keppnin fram þann 23. nóvember.<sup>93</sup>

Fyrir keppnina skapaðist nokkur spenna í fjölmiðlum yfir komu Tékkanna og þeir allir nafngreindir ásamt árangri þeirra, starfi og jafnvel hjúskaparstöðu. Í þessum greinum mikluðu menn getu tékknesku keppendanna og því íslenska gefnir litlir sem engir möguleikar á sigri.

Þó svo að blaðamenn hafi haft rétt fyrir sér að einhverju leyti um yfirburði Tékkanna voru þessir yfirburðir ýktir fullmikið, allavega ef úrslit mótsins eru skoðuð. Það var vissulega tékkneskur júðómeistari sem lenti í fyrsta sæti í einstaklingskeppninni, en annað og þriðja sætið hreptu íslenskir júðómenn, þeir Svavar Carlsen og Sigurður Kr. Jóhannsson. Einnig náðu Íslendingar að komast skammlaust frá sveitakeppninni, en þar náðu tveir Íslendingar að leggja tékknesku andstæðinga sína að velli, þannig að þetta var langt frá því að vera sá gjörsigur Tékkanna sem íslensku blöðin höfðu næstum því lofað almenningi.<sup>94</sup>

Það að fjölmiðlar hafi sýnt þessu svona mikinn áhuga virðist eingöngu stafa af því að þarna var komið virkilega gott erlent lið. Áður og eftir höfðu íslenskir fjölmiðlar sýnt lítinn sem engan áhuga á íslenskum júðómótum og sjaldgæft var ef blaðamaður mætti á mót óumbeðinn. Júðómenn þurftu að halda efninu að fjölmiðlum og því oft hægt að sjá nákvæmlega sama textann birtast í mismunandi dagblöðum, en þá hafði einhver júðómaðurinn hreinlega skrifað fréttina fyrir blöðin og beðið þau um að birta hana.<sup>95</sup> Þrátt fyrir að fjölmiðlar hafi haft lítinn áhuga á að mæta og fylgjast með mótum þá slógu þeir ekki hendinni við ókeypis grein. Það er þó vel skiljanlegt að blaðamenn hafi ekki viljað eyða hálfum deginum í að fylgjast með íþrótt sem þeir skildu kannski ekkert hvað var að gerast í.

---

93 „Júðómenn með stórmót“, bls. 9, 4.

94 „Mjög góð framistaða íslenzkra júðómanna“, bls. 7.

95 Viðtal. Höfundur við Eysteinn Þorvaldsson, 22. nóvember 2012.

### 3. kafli – Fyrstu ár Júdosambandsins

#### Stofnun Júdosambands Íslands

Lagabreytingar sem gerðar voru á íþróttapingi Íþróttasambands Íslands sumarið 1973 um stofnun nýrra sérsambanda hljóðuðu upp á að „skylt sé að stofna sérsamband í íþróttagrein, ef 6 héraðssambönd (eða sérráð) æskja þess svo og ef íþróttaping eða sambandsráð ÍSÍ gerir samþykkt þar um. Þá er og heimilt að stofna sérsamband, ef framkvæmdastjórn ÍSÍ gerir um það samþykkt, enda sé viðkomandi íþróttagrein iðkuð innan vébanda a.m.k. þriggja íþróttafélaga“. Fjögur ný sérsambönd voru stofnuð fljótlega á grundvelli þessarar heimildar, en þetta voru sérsambönd íþróttasambandsins sem vaxandi áhugi var fyrir á Íslandi:

Lyftingar, borðtennis, blak og júdó. Sigurður Magnússon, ristjóri *Íþróttablaðsins*, skrifar að stjórn ÍSÍ hafi verið fyllilega ljóst „að starfsemi sérsambandanna er ein aðal forsendan fyrir því að viðkomandi íþróttagreinar nái að byggjast upp og þróast með eðlilegum hætti“.<sup>96</sup>

Fyrsta stjórn Júdosambands var kosin á stofnþingi sambandsins sem fór fram þann 28. janúar 1973<sup>97</sup> og var stjórnað af Gísla Halldórssyni, forseta ÍSÍ. Fyrsta stjórnin leit svona út: Eysteinn Þorvaldsson var kosinn formaður, Sigurður H. Jóhannsson varaformaður, Jón Ögmundur Þormóðsson bréfitari, Óttarr Halldórsson gjaldkeri og Þórhallur Stígsson var gerður að fundarritara. Þrír varamenn voru einnig kosnir, þeir Bjarni Björnsson, Össur Torfason og Stefán Þ. Jónsson. „Einn stjórnarmanna, Þórhallur Stígsson, sótti aðeins tvo fundi í upphafi tímabilsins. Sæti hans tók nær alltaf Össur Torfason en stundum Bjarni Björnsson.“<sup>98</sup>

Eysteinn Þorvaldsson ætlaði sér aldrei að verða formaður stjórnar JSÍ. Hann hafði alltaf talið að Sigurður H. Jóhannsson ætti þann heiður skilinn vegna þess frumkvöðlastarfs sem hann hafði unnið í einn og hálfan áratug, en svona lýsir Eysteinn því hvernig hann varð formaður JSÍ:

Ég hélt að ég væri búinn að tryggja það að Sigurður yrði formaður, en svo er það bara á stofnfundinum sem Gísli Halldórsson stjórnaði, að hann bara eiginlega shanghæjaði mig þarna inn. Hann segir bara: „Það eru komnar uppástungur, það er komin uppástunga um Eystein Þorvaldsson, ekki fleiri uppástungur,“ og svo bara sló hann í borðið. Ég stóð bara alveg hreint og starði,

---

96 „Sérsambönd í lyftingum, borðtennis, júdó og blaki stofnuð“, bls. 11.

97 JSÍ. Dagskrá stofnþings Judosambands Íslands, bls. 1.

98 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ fyrir tímabilið frá stofnþingi 28. janúar 1973 – 2. judoþings 13. október 1973, bls. 1.

ég var búinn að segja honum að ég ætlaði ekki að vera formaður og ég myndi styðja Sigurð.<sup>99</sup>

Þrátt fyrir að hafa aldrei ætlað að vera formaður JSÍ þá starfaði Eysteinn þó við það í heilan áratug.

Með því fyrsta sem nýkjörin stjórn Júdósambands Íslands gerði var að reyna að draga upp heildarmynd af því hvernig íþróttin stæði á Íslandi og miðað við þá úttekt þá mætti segja að júdóíþróttin hefði getað staðið mun verr við stofnun sambandsins, en einnig að hún hefði getað staðið betur.

Ljósasti punkturinn í skýrslunum er fjöldi iðkenda. Auglýsingar og námskeið júdófélaganna hafa vafalítið borið góðan árangur því í byrjun árs 1973 voru skráðir í félögin hvorki meira né minna en 453 manns. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að taka þessari tölu með nokkrum fyrirvara, því eins og kemur skýrt fram í skýrslunni um stöðu íþróttarinnar í Grindavík þá voru ekki allir sem höfðu skráðst til æfinga neitt sérlega duglegir að mæta á þær: „Alls hafa 68 manns komizt á æfingaskrá hjá Jóhannesi [Haraldssyni] það sem af er vetrar. 20-25 strákar æfa reglulega og eiga búninga. Fjórir þeirra hafa verið gráðaðir af Yamamoto. Nokkrir eldri menn hafa aft, en óreglulega, enda sumir hverjir sjómenn. Sama er að segja um stúlkurnar, nokkrar þeirra æfa, en óreglulega.“<sup>100</sup>

Í Grindavík kemur svo hinsvegar í ljós að íþróttin hefur ekki alveg verið búin að festa sig í sessi sem „alvöru“ íþrótt, allavega ekki alveg hjá öllum: „Áhugi hjá unga fólkinu er góður, svo sem sjá má af því að yfir 20 strákar koma á hverja æfingu, en skilningur forráðamanna á íþróttinni er misjafn, enda þekkja sumir ekkert til hennar, en telja að þetta séu fyrst og fremst slagsmál.“ Jafnframt segir í skýrslunni að hlutverk Jóhannesar hafi verið að „uppfræða forystumenn í íþrótt- og æskulýðsmálum á staðnum um gildi júdóíþróttarinnar.“ Það er greinilegt að þessi forystumenn í íþróttamálum hafa ekki verið gríðarlega skilningsríkir þar sem að júdódeildin fékk mjög óhentugan tíma til æfinga í íþróttahúsinu og neyddist Jóhannes því til að færa júdóæfingarnar inn í félagsheimilið í Grindavík. Þó að það hafi hugsanlega leyst tímasetningu æfinganna þá var eitt til viðbótar sem plagaði Grindvíkinga, því þrátt fyrir nóg gólfpláss, þá voru engar júdódýnur til í Grindavík. UMFG var að vísu tilbúið til að festa kaup á dýnum, en þangað til það gerðist þá þurftu þau að gjöra svo vel að æfa á gólfteppinu inn í félagsheimilinu, sem var auðvitað

---

99 Viðtal. Höfundur við Eysteinn Þorvaldsson, 22. nóvember 2012.

100 JSÍ, Staða Judoíþróttarinnar á Íslandi, bls. 4.

allt of hart til slíkra hluta en að sögn Jóhannesar þá hlutust engin alvarleg meiðsli af því.<sup>101</sup> Í áætlunum sem stjórn JSÍ gerði um útbreiðslu og eflingu íþróttarinnar kemur fram að allt starfið hafi á einhvern hátt tengst fjármunum og nefna þau að fyrir ný félög sé stofnkostnaðurinn hár, að miklum hluta til vegna þess hversu dýrar júdódýnur hafi verið og taka þeir sérstaklega fram að á þessum dýnum hafi verið háir tollar. Stjórn Júdósambandsins fór þó að spyrjast fyrir og reyna að komast að því hvar hagstæðast væri að kaupa dýnur, og varð niðurstaðan sú að hægt mundi vera að láta framleiða „fullnægjandi æfingadýnur“ á Íslandi fyrir helmingi lægra verð en lægsta verðið erlendis frá hljóðaði upp á.<sup>102</sup> „Stjórnin hóf þegar að vinna að útbreiðslu og eflingu judoíþróttarinnar, en hér eru byrjunarerfiðleikar stærri en í flestum öðrum íþróttagreinum. Þjálfarar eru fáir, erfitt að fá hentugt húsnæði og judodýnur (tatami) eru dýrar. Á hinn bóginn er góður jarðvegur fyrir judo hér á landi og vaxandi áhugi fyrir íþróttinni. Ein af forsendum þess að hægt sé að hefja æfingar eru dýurnar, en þær eru eins og áður segir dýrar og tollur af þeim hár.“ Einnig segir í skýrslunni að Júdósambandinu finnist að sjálfsagt sé „að fara þess á leit við bæjar- og sveitarfélög að þau styrki kaup á slíkum íþróttatækjum sem yrðu notuð í íþróttasölum“.<sup>103</sup>

Aðstaða júdófélaganna tveggja í höfuðborginni var mun betri en þeirra úti á landi, og skiptir þá helst máli að þau æfðu í sínu eigin húsnæði og gátu þar af leiðandi stillt stundaskrá sínur upp eftir eigin hentugleika. Heildarfjöldi iðkenda hjá judodeild Ármanns var 203 og hjá Judofélagi Reykjavíkur voru skráðir til æfinga 82, en fækkað hafði hjá JR um 18 á einu ári. Ekki er á nokkurn hátt hægt að ætlast til þess að allur þessi fjöldi hafi stundað reglulegar æfingar, og Júdósambandið sjálf ætlar að líklegast hafi ekki nema í hæsta lagi helmingur skráðra æft reglulega, eða þá rétt tæplega 150 manns.<sup>104</sup>

Ólíkt því sem var í Grindavík þá æfðu bæði höfuðborgarfélögin á júdódýnum, og hafði JR á að skipa 45 þannig dýnum, sem líklegast hefur verið nóg til að búa til æfingapláss upp á 90 fermetra.<sup>105</sup> Ármann hafði yfir tveimur sölum að ráða, og var annar með 65 dýnum en hinn með 26. Auk þessara tveggja sala var æfingahúsnæði Ármanns búið þremur búningsherbergjum, tveimur kynjaskiptum gufuböðum ásamt setustofu og eldhúsi og því má segja að við stofnun Júdósambandsins hafi Ármenningar vafalaust búið yfir bestu aðstöðunni til æfinga. Einnig má reikna með júdógallaeign inn í aðstöðu til æfinga, því nauðsynlegt er að klæðast allavega treyjuhluta gallans ef æfa á að einhverju viti.

---

101 JSÍ. Staða Judoíþróttarinnar á Íslandi, bls. 4.

102 JSÍ. Staða Judoíþróttarinnar á Íslandi, bls. 5.

103 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 2.

104 JSÍ. Staða Judoíþróttarinnar á Íslandi, bls. 1-3.

105 Tatame dýnur eru vanalega 2x1 metri, þar af leiðandi eru 45 dýnur = 90 fermetrar. Óþarfi er að ætla að júdófélögin hafi notast við 1x1 tatame dýnur.

Einstaklingar þurftu þó að sjá sjálfir um að eignast júdogalla, og voru þeir oft til sölu hjá félögum eða í íþróttavörubúðum.<sup>106</sup> Jóhannes í Grindavík nefnir það sérstaklega í úttektinni á stöðu júdós í bænum að 20-25 strákar ættu júdogalla þannig að sennilega hafa ekki allir þeir sem æfðu júdó átt galla, sérstaklega ekki byrjendur. Hafa sumir fengið gallana að láni hjá félaginu sem þeir æfðu hjá eða fundið aðrar lausnir. Júdoeild Ármanns kvartar til dæmis undan því hve erfitt sé að fá júdogalla á góðu verði og telur það eitt af meginvandamálum sínum.

Þegar Júdosambandið tók til starfa beið greinilega erfitt verkefni stjórnarinnar en samt sem áður var þetta alls ekki vonlaust, júdó var búið að festa sig í sessi í tveimur byggðum, og í annarri þeirra voru tvö mjög sterk félög sem skorti ekki mikið.

Með stofnun Júdosambandsins varð til samband sem utanaðkomandi aðilar gátu snúið sér til, í stað þess að leita til stakra júdofélaga. Þetta hefur örugglega aukið samstöðu júdómanna og félaganna að vera komin undir einn hatt. Til dæmis var leitað til Júdosambandsins fyrir hönd útiskemmtunarinnar „Vor í dal“, sem UMFÍ sá um árið 1973. UMFÍ var þá að velta því fyrir sér hvort Júdosambandið gæti ekki skipulagt einhvers konar júdosýningu. Það endaði með því að Össur Torfason sá um hana og að sögn viðstaddra tókst hún vel til. Allir nema einn af þeim júdomönnum sem þarna sýndu um hvítasunnuhelgina voru úr Ármanni. Ef Júdosambandið hefði ekki verið til um þetta leyti má búast við að Ármenningar hefðu einir séð um sýninguna. Þannig hjálpaði stofnun Júdosambandsins til við að sameina og auka félagsskap á milli félaga. Einnig var haft samband við Júdosambandið vegna júdosýningar í Grindavík á Svartsengishátíð ungmennafélagsins þar, og sá Jóhann Haraldsson, forystumaður júdofélagsins þar, um hana. Stjórn Júdosambandsins sagðist vera mjög ánægð með að talað hafði verið fyrst við hana vegna þessara sýninga og taldi æskilegt að „JSÍ hafi eftirlit með opinberum sýningum a judo, bæði til það tryggja sem bestar sýningar og sem hæst verð fyrir þær til samtaka judomanna.“<sup>107</sup>

Þótt þessi staða júdoíþróttarinnar líti kannski ekkert sérlega vel út í úttektinni, þá var margt mjög jákvætt að gerast á Íslandi. Árið 1973 tóku nefnilega tvö ný íþróttafélög að leggja stund á júdó, en þetta voru Íþróttafélagið Gerpla í Kópavogi og Ungmennafélag Keflavíkur. Gerpla hóf júdoæfingar sínar í september 1973 en Ungmennafélag Keflavíkur þurfti að bíða aðeins lengur eftir því að geta hafið æfingar þrátt fyrir að vera búið að finna sér húsnæði sem og þjálfara. Það vantaði nefnilega ennþá dýnur.<sup>108</sup> Þessi tvö félög náðu

---

106 Viðtal. Höfundur við Eysteinn Þorvaldsson, 22. nóvember 2012.

107 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 2-3.

108 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 3.

strax þó nokkrum árangri í keppni, því að á afmælistóti JSÍ í janúar 1974 áttu bæði félagin sigurvegara í nokkrum flokkum og á Íslandsmeistaramótinu sama ár hlaut félagi í UMFK fyrstu verðlaun í einum þyngdarflokki.<sup>109</sup>

### **Misvandaðir þjálfarar og erlend samskipti**

Löngu áður en Júdósamband Íslands var stofnað byggðust kunnátta og framfarir íslenskra júdómanna að miklu leyti á þjálfun erlendra þjálfara sem komu til Íslands í þeim eina tilgangi að þjálfra. Sumir voru aðeins á landinu í nokkra daga, eina viku eða tvær. Aðrir stoppuðu lengur og enduðu jafnvel á að flytja alfarið til Íslands, giftast íslenskum konum og stofna fjölskyldur. Þrátt fyrir að með aukinni kunnáttu Íslendinga þá treystu þeir ennþá á leiðsögn erlendra þjálfara. Því hafa þeir líklega verið himinlifandi þegar Sigurði H. Jóhannssyni barst bréf snemma vors 1973 frá skoska júdómanninum Edward Mullen, en sá var með 4. dan. Hann hafði verið í breska landsliðinu og áður komið til Íslands í fylgd með George Kerr.<sup>110</sup> Hann bauðst til að koma til Íslands ásamt konu sinni og ungu barni, og þjálfra á kvöldin gegn gjaldi en auk þess til að vinna á daginn sem málari. Hann bauðst einnig til þess að sjá um dómara- og þjálfaranámskeið auk þess að aðstoða við skipulagningu og kynningu á júdó.

Augljóst var að þetta ævintýri yrði kostnaðarsamt fyrir Júdósambandið og því lagði Sigurður fram til athugunar þá hugmynd að júdófélagin stæðu saman með Júdósambandinu til að greiða kostnaðinn. Mullen hafði áhuga á að vera á Íslandi í hálf ár og niðurstaða fundarins sem haldinn var um málið var sú að mikill áhugi væri á að fá hann ásamt fjölskyldu hans til Íslands, en kona hans var 1. dan í júdó. Var Sigurði því falið að svara honum og greina frá aðstæðum á Íslandi, og þá ekki síst varðandi atvinnu- og húsnæðismöguleika.<sup>111</sup> Þetta mál endaði þannig að Edward Mullen kom til Íslands í aprílbyrjun 1973. Hann fékk strax vinnu við húsmálun, en JSÍ hafði séð um að útvega honum þá vinnu.<sup>112</sup> Fyrir þetta allt auk greiðslu átti hann svo að þjálfra íslenska júdómenn hjá júdófélagunum á kvöldin. Mjög fljótt fóru íslenskir júdómenn þó að átta sig á því að þeir höfðu keypt köttinn í sekknum. Þó svo að Mullen væri frábær júdómaður þá stóð hann ekki við það sem hann hafði lofað JSÍ. Þegar stjórnarmenn JSÍ ýttu á hann um að efna gefin loforð á hann ekki að hafa gert neitt annað en „hunzað eða gefið loðin svör um einhverjar efndir síðar.“<sup>113</sup> Í greinargerð sem Júdósambandið gerði um þetta mál var þetta samt ekki það eina sem Mullen gerði Júdósambandinu til mikils ama: „Við þetta bætast ærumeiðandi

109 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 3.

110 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 4.

111 JSÍ. Stjórnarfundur í JSÍ 9.3.1973.

112 JSÍ. Bréf, Sigurður H. Jóhannsson til E.C. Mullen 8. mars 1973.

113 JSÍ. Greinargerð vegna lausnar Edwards Mullen frá störfum, bls. 1.



ummæli E. Mullen um forystumenn júdómála á Íslandi og víðar og framúrskarandi ókurteislega framkomu í viðræðum. Þá hefur hann margoft farið svívirðingarorðum um Jigoro Kano, höfund judoíþróttarinnar og lítilsvirt með fíflalátum myndir af Kano sem hanga í æfingasölum judofélaganna. “Einnig á Mullen að hafa þótt „ruddalegur“ gagnvart íslenskum júdómönnum og á einnig að hafa beitt „óharnaða unglunga fantaskap.“<sup>114</sup> „Eru þar dæmi um heilsufarslega hættulegar líkamsmeiðingar gegn börnum undir 16 ára aldri, sem engir ábyrgir íþróttaaðilar geta liðið.“<sup>115</sup>

En hvaða loforð voru það sem hann efndi ekki? Mullen átti það til að mæta stundum ekki á æfingar sem hann átti að mæta á, og einhvern tímann kom það fyrir að hann mætti ekki til að sinna skyldum sínum vegna þessa að hann var að vinna í málningarvinnu, og þá „ekki hjá aðalatvinnuveitanda sínum heldur í privatverkefni, á þeim tíma sem hann átti að vera á æfingu í JÁ.“<sup>116</sup> Mullen átti einnig að þjálfa tvisvar í mánuði í Grindavík, sem var helmingi sjaldnar en júdódeildin þar hafði óskað eftir. Á þeim tíma sem hann dvaldist á Íslandi mætti hann aðeins á tvær þessara æfinga eftir að honum hafði verið ekið fram og til baka honum að kostnaðarlausu. Þegar hann var ávítur fyrir að mæta illa á æfingarnar „[þ]á hélt Edward Mullen því fram að kennsluskylda hans væri ekkert bundin við æfingatíma félaganna, og benti á að ekkert væri um það tekið fram í samningnum við hann. Stjórn JSÍ telur það vægast sagt bæði ósvífið og óviðunandi að kennari skuli ekki telja sig bundinn af stundarskrá og veit engin dæmi slíkrar framkomu hjá kennara í neinni grein.“<sup>117</sup>

Eysteinn Þorvaldsson segist á einhverjum tímamarki hafa hringt í Charles Palmer, formann breska júdósambandsins, til að ræða við hann um Mullen. Palmer á að hafa svarað honum mjög hispurslaust: „Eddy Mullen is a troublemaker. And he has always been!“<sup>118</sup> Þetta endaði með því að hálfis árs samningurinn sem Mullen hafði gert við JSÍ var stytur svo um munaði þegar JSÍ sagði honum upp störfum 16. júní.<sup>119</sup> JSÍ hélt þá að þetta mál væri afgreitt en svo var nú aldeilis ekki. Samkvæmt JSÍ á Mullen að hafa „lagt sig allan fram um að spilla á milli ungra judomanna og stjórnar klúbbanna. M.a. hefur hann tekið að sér æfingar amerískra manna á Keflavíkurflugvelli, og framkvæmt þar gráðanir, og blekkta unga menn hér til að taka þátt í þeim, og lofað þeim bresku gráðuskírteini.“<sup>120</sup> Vissulega var í raun ekkert ólöglegt fyrir hann að kenna á Keflavíkurflugvelli, en samkvæmt lögum

---

114 JSÍ. Greinargerð vegna lausnar Edwards Mullen frá störfum, bls. 1-4.

115 JSÍ. Greinargerð vegna lausnar Edwards Mullen frá störfum, bls. 4.

116 JSÍ. Greinargerð vegna lausnar Edwards Mullen frá störfum, bls. 1.

117 JSÍ. Greinargerð vegna lausnar Edwards Mullen frá störfum, bls. 2.

118 Viðtal. Höfundur við Eystein Þorvaldsson, 22. nóvember 2012. Þýtt yfir á íslensku: „Eddy Mullen er og hefur alltaf verið vandræðagemlingur!“

119 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 4.

120 JSÍ. Uppkast að bréfi til The British Judo Ass. og The Scottish Judo Fed.

JSÍ gat hann ekki gráðað fólk á Íslandi án þess að fá til þess leyfi frá JSÍ. Tækniráð JSÍ hafði verið að ganga frá reglum um gráðanir fyrir JSÍ á árinu og bar ábyrgð á því að farið væri rétt að í þessum efnum. Þar sem JSÍ var á þessum tíma orðið aðili að tveimur alþjóðlegum júdósamböndum, hinu evrópska og því alþjóðlega, voru gráðanir JSÍ samþykktar á alþjóðavettvangi. Vegna þess lagði tækniráðið mikla áherslu á að aðeins þeir sem áttu gráðurnar skildar myndu hljóta þær um leið og mjög strangar reglur giltu um hverjir það voru sem ættu að fá þær. Það hefur vafalaust verið leiðinlegt verk að þurfa að tilkynna því fólki sem Mullen gráðaði að nýju gráðurnar væru ógildar og því væru þessir aðilar í raun ennþá með þá gráðu sem þeir höfðu verið með áður. Samkvæmt starfsskýrslu stjórnarinnar frá 28. janúar - 13. október 1973 tókst Mullen þó aðeins að gráða einn Íslending í leyfisleysi, en það var Viðar Guðjohnsen sem hafði verið gráðaður í 2. ky. „Viðar er aðeins 15 ára gamall og alls ókunnugur reglum um gráðanir. Var Ragnari Jónssyni falið að hafa samband við Viðar og kynna honum reglur JSÍ og leiðrétta misskilning hans.“<sup>121</sup>

Viðar þessi var feikigóður júdómaður þrátt fyrir ungan aldur og átti eftir að keppa fyrstur íslenskra júdómanna á Ólympíuleikunum, en hann keppti á leikunum sem haldnir voru árið 1976 í Montreal ásamt Gísla Þorsteinssyni. Þrátt fyrir að hafa ekki fengið að bera það belt sem Mullen gráðaði hann upp í lét hann það ekki aftra sér þegar hann sigraði á opnu móti í Edinborg fyrir drengi í október sama ár. Viðar keppti þar í +70 kg flokki sem var þyngsti flokkurinn á mótinu og gerði það við mjög góðan orðstír, sem sannast best í ummælum sem höfð voru í fréttabréfi frá Breska júdósambandinu: „600 þátttakendur voru í mótinu í ár hvaðanæva af Bretlandi og stór hópur frá Írlandi og einn hugdjarfur Íslendingur.“<sup>122</sup> Þessum 600 þátttakendum var skipt upp í 9 þyngdarflokka, þannig að mikill fjöldi hefur verið í hverjum flokki, sem gerir þennan sigur Viðars enn merkilegri.

Það var greinilega ekki allt á neikvæðu nótonum árið 1973, en það sem hæst ber að nefna er vafalaust þátttaka Svavars M. Carlsen á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Helsinki þann 15. apríl 1973. JSÍ gat ekki styrkt þessa ferð hans til Finnlands nema að litlu leyti og því borgaði Svavar langstærsta hluta kostnaðarins úr eigin vasa. Einnig fór með honum Magnús Ólafsson sem aðstoðarmaður Svavars.<sup>123</sup> Svavar keppti í þyngsta flokki mótsins, þungavigt, og tókst þar að landa öðru sætinu. Þetta verður að teljast frábær árangur og líklegast er það rétt ályktun hjá Júdósambandinu að þessi árangur hljóti að hafa gefið gott fordæmi og hvatt aðra íslenska júdómenn til dáða. Magnús sat þó ekki auðum

---

121 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 9.

122 „Hinn hugdjarfi Íslendingur“, bls. 11.

123 Viðtal. Höfundur við Magnús Ólafsson, 24. nóvember 2012.

höndum þegar til Helsinki var komið heldur sat hann þar fund norrænu júdósambandanna fyrir hönd JSÍ. Á fundinum var meðal annars talað um að stofna sérstakt júdósamband allra Norðurlandanna. Það var ákveðið að stofnfundur þessa sambands átti að fara fram í Kaupmannahöfn þann 26. ágúst. Þegar sá fundur fór fram vildi það svo heppilega til að Jón Ögmundur Þormóðsson var á ferð í Kaupmannahöfn um svipað leyti þannig að JSÍ nýtti sér það og ákvað að hann yrði fulltrúi JSÍ á fundinum. Ekki fór alveg eins og JSÍ hafði ætlað sér, en því er lýst í Starfsskýrslu stjórnarinnar frá 28. janúar – 13. október 1973:

Frændur vorir á hinum Norðurlöndunum fóru hins vegar svo skammarlega að ráði sínu að þeir héldu fundinn fyrir auglýstan fundartíma og höfðu lokið honum þegar fulltrúi okkar mætti til fundar á tilsettum tíma. Þetta gerðist enda þótt þeir vissu að fulltrúi JSÍ var kominn til Kaupmannahafnar til þess að taka þátt í fundinum, og var honum ekki gert viðvart um þessa breytingu. [...] Stjórn JSÍ sendi judosamböndum hinna Norðurlandanna harðort mótmælabréf vegna þessarar framkomu og lýsti vanþóknun á slíkum vinnubrögðum.<sup>124</sup>

Þrátt fyrir þessa meðferð hinna Norðurlandanna þá stóð JSÍ ekki til boða að hundsá norræna kollega sína og ekki taka þátt í stofnun sambandsins, því innganga í sambandið tryggði ákveðinn fjöldi móta sem Íslendingar höfðu rétt til að taka þátt í.<sup>125</sup>

Eitt nýtt félag leit dagsins ljós árið 1974, en það var héraðssambandið Skarphéðinn sem sótti um aðild að JSÍ, auk þess sem Gunnar Sigurðsson, 1. dan, var nú fluttur til Akureyrar og hafði mikinn áhuga á því að þjálfa þar júdó árið 1975. Það sem stóð í vegi fyrir honum á þessum tímapunkti var hversu erfitt var að finna húsnæði undir júdó á Akureyri. Einnig hafði verið æft í tvo mánuði yfir sumarið á Blönduósi. Sagðist stjórnin líka hafa athugað hvort hægt væri að koma júdódeild af stað innan Umennafélagsins Aftureldingar í Mosfellssveit, og var þar sagður vera mikill áhugi enda nokkrir búsettir þar í grennd sem höfðu verið að æfa með Reykjavíkurfélögunum tveimur. Þar stóð húsnæðisskortur ekki í veginum fyrir starfsemi, en hins vegar vantaði geymslur undir dýnurnar því það þurfti alltaf að bera þær á gólfið fyrir æfingu og taka af því þegar æfingunni lauk. Enn og aftur kom í ljós að það helsta sem kom í veg fyrir almennilega útbreiðslu júdó var stofnkostnaðurinn sem var aðallega fólginn í dýnunum.<sup>126</sup>

---

124 JSÍ. Starfsskýrsla stjórnar JSÍ 28. janúar 1973 – 13. október 1973, bls. 6-7.

125 Viðtal. Höfundur við Magnús Ólafsson, 24. nóvember 2012.

126 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 3-4.

Sérstakt landslið var stofnað í nóvember 1973. 15 manns voru í upphafi valdir til að taka þátt í landsliðsæfingum og var takmarkið að hafa vel keppnishæft 12 manna lið. Af þessum 15 útvöldu voru 11 frá Júdófélagi Reykjavíkur, tveir frá Ármanni og svo sitthvor frá Gerplu og Grindavík.<sup>127</sup>

Ráðning sérstaks landsliðsþjálfara hefur komið íslensku júdói á hærra plan en áður. Í nóvember 1973 var Michal Vachun ráðinn sem þjálfari íslenska landsliðsins í júdó og með því má segja að langþráð takmark sem hafði blundað í Sigurði H. Jóhannssyni frá upphafi hafi ræst, það er að gera Íslendinga þökkalega keppnishæfa á alþjóðlegum vettvangi. Michal Vachun var með 4. dan og hafði komið til Íslands í október árið 1973 fyrir tilstilli Júdófélags Reykjavíkur. Segja mátti að Vachun hafi verið andstæða Edward Mullen. Hann vann vel, stóð við gefin loforð og gerði það allt endurgjaldslaust. Meðal þess sem Vachun tók sér fyrir hendur fyrir íslensku júdóhreyfinguna var bæði að skipuleggja og sjá um kennslu á þjálfaranámskeiði sem var haldið á vegum JSÍ, samdi gráðunarreglur fyrir JSÍ auk þess sem hann sá um skipulagningu júdómóta á Íslandi. Segja má að JSÍ hafi verið í skýjunum yfir því að hafa hreppt hann sem þjálfara: „Stjórn JSÍ telur það mikla gæfu fyrir judoíþróttina á Íslandi að hafa fengið Michal Vachun hingað til starfa. Hann hefur sýnt frábæran áhuga, dugnað og ósérhlífni í starfi. Árangurinn af starfi hans er þegar orðinn mikill en á áreiðanlega eftir að koma enn betur í ljós. Samstarf hans við alla judomenn hefur verið mjög gott. Með hæfni sinni og drengilegri framkomu hefur hann aukið áhuga og skilning á íþróttinni og á gildi æfinga og aukinnar kunnáttu.“<sup>128</sup>

Hann starfaði sem landsliðsþjálfari á Íslandi í tvö ár og var JSÍ gríðarlega mikilvæg hjálp í uppbyggingu júdó á Íslandi og var stjórn JSÍ honum gríðarlega þakklát. Áður en hann kvaddi þá bjó hann til æfingaáætlun fyrir íslenska júdómenn með Ólympíuleikana 1976 sem lokamarkmið.<sup>129</sup>

Með landsliðinu varð einnig til ákveðið markmið fyrir íslenska júdómenn, að komast í landsliðið og fá að æfa með þeim bestu á Íslandi. Viðfangsefni landsliðsins átti fyrst og fremst að vera það að keppa gegn öðrum þjóðum, og JSÍ taldi hið árlega Norðurlandameistaramót vera kjörinn vettvang til þess, en auk þess fannst stjórninni ráðlegt að landsliðið myndi keppa allavega tvisvar sinnum til viðbótar við það mót.<sup>130</sup> Með komu Vachun varð mikill bati á mörgum þeim vandamálum sem Júdósambandið hafði áður glímt við, haldið var sérstakt þjálfaranámskeið í byrjun ársins 1974 eftir mikla undirbúningsvinnu sem unnin var af Vachun og tækniráði JSÍ. Þetta námskeið hlaut

---

127 „Landslið í júdó“, bls. 10.

128 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 5.

129 JSÍ. Ársskýrsla 1974-1975 bls. 6.

130 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 9.

fjárstyrk frá Íþróttakennaraskóla Íslands. Þetta var umfangsmikið námskeið og ekkert venjulegt kvöldnámskeið sem tók eina viku. Það tók eitt ár, með hléi yfir sumartímann, og var 60 klukkustundir, 30 klukkustundir voru kenndar um vorið og 30 klukkustundir um haustið. Námskeiðið var í raun tvískipt, þar sem seinni 30 stundirnar voru framhald af þeim fyrri. Námskeiðinu lauk svo í lok nóvember 1974 með prófum. Sex manns tóku prófið og stóðust það, en mun fleiri tóku þátt í námskeiðinu, en tóku ekki prófið af einhverjum ástæðum.

Þjálfararéttindin voru af ólíkum toga, og skiptust í félagsréttindi, héraðsréttindi og landsréttindi. Sigurður H. Jóhannsson var sá eini sem hlaut landsréttindi, Sigurjón Kristjánsson, Össur Torfason, Þóroddur Þórhallsson, Anna Hjaltadóttir og Jóhannes Haraldsson hlutu héraðsréttindi og Sigurveig Pétursdóttir hlaut svo félagsréttindi. Auk þess unnu Sigurður og Sigurjón sér inn réttindi til að prófa þjálfara.<sup>131</sup> Mikil ánægja var innan JSÍ með námskeiðið: „Tilgangur námskeiðsins er að auka þekkingu og hæfni starfandi þjálfara og að fá fleiri hæfa þjálfara til starfa. Allt á þetta að geta stórbætt aðstöðuna til að útbreiða íþróttina og ná betra árangri í öllum atriðum starfsins. Það er mikils vert og ánægjulegt að nær allir starfandi judoþjálfarar eru þátttakendur í námskeiðinu.“<sup>132</sup>

Einnig hafði dómarskortur verið Júdósambandinu til trafala, en það lagaðist til muna í júní 1974 þegar fyrsta dómarnámskeið á Íslandi var haldið samkvæmt þeim kröfum um hæfni dómara sem Evrópusambandið fór fram á. Júdósambandið taldi að þetta væri mjög mikilvægur áfangi í uppbyggingu júdós á Íslandi. Eigna má Sigurði H. Jóhannssyni, formanni tækniráðs JSÍ, heiðurinn af því að þetta námskeið fór fram vegna þess að á meðan hann var í London vegna Evrópumeistaramótsins og þings Evrópusambands setti hann sig í samband við formann dómarasambands breska júdósambandsins, Rey Mitchell. Breska júdósambandið gaf svo leyfi fyrir því að íslenska júdósambandið myndi fá námsefni og prófgögn frá Bretlandi sem og að áður nefndur Mitchell myndi fara til Íslands og sjá um námskeiðið. Námskeiðinu lauk svo með því að 14 manns tóku próf og stóðust það.<sup>133</sup>

Eftir að Íslendingar náðu að standa aðeins í Tékkunum þegar þeir kepptu við þá á Íslandi áttu þeir eftir að endurgjalda Tékkunum heimsóknina. Í júní 1973 fóru átta íslenskir júdómenn úr JR til Tékkóslóvakíu í þeim tilgangi. Segja má að þessi útrás hafi verið með stórgóðum árangri. Í sveitakeppni við Slavia Prag, félagið sem hafði komið til Íslands, tapaði JR 3:5, sem getur ekki talist slæmur árangur. Íslendingarnir nýttu bæði tímann og

---

131 JSÍ. Ársskýrsla 1974-1975, bls. 13-14.

132 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 6.

133 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 6.

ferðina í að stunda júdó sem mest og kepptu til dæmis við lið Landbúnaðarháskólans sem þeir sigruðu. Á sama tíma og Íslendingarnir voru í Tékkóslóvakíu var haldið mót í Prag með á milli 40 til 50 keppendum. Íslendingar fengu að taka þátt og hlýtur þetta að hafa verið ný lífsreynsla fyrir marga þeirra, að keppa á svona stóru móti gegn andstæðingum sem þeir höfðu aldrei séð áður. Á þessu móti unnu Íslendingar til verðlauna, og ber þar hæst að nefna að Sigurður Kr. Jóhannsson hrepti gullverðlaun í sínum flokki og Sigurjón Kristjánsson hlaut bronsið í sínum.<sup>134</sup>

### **Júdó festist í sessi: Norðurlandamót í Laugardalshöll**

Fyrsta keppnin sem nýstofnað landslið tók þátt í var landskeppni gegn Norðmönnum sem fór fram í Nadderudhallen í Osló í byrjun mars 1974. Júdósambandið hafði þá talið að tími væri til kominn að Íslendingar myndu sjá hvar þeir stæðu gagnvart nágrannaþjóðum sínum og urðu Norðmenn þeirra fyrsta skotmark vegna þess að talið var að Norðmenn væru á eftir hinum Norðurlöndunum að getu og þar af leiðandi ætti íslenska liðið mesta möguleika á að sigra þá. Norðmenn virtust aftur á móti áhugalausir fyrir þessari keppni. Eftir nokkrar umræður ákváðu þeir að taka ekki þátt í henni vegna fjárhagslegra ástæðna. JSÍ bauðst þá til að Íslendingar myndu standa undir öllum kostnaði sem fólst í því að fara með íslenska liðið til Noregs, ef Norðmenn myndu þá gera slíkt hið sama þegar þeir kæmu til Íslands árið eftir. Þetta leist Norðmönnum vel á. Fóru 12 íslenskir júdómenn til keppni í Noregi og borguðu að hluta til sjálfir þessa ferð.<sup>135</sup> Líkt og þegar Tékkar sóttu Íslendinga heim árið 1973 bjuggust ekki margir við að úrslit keppninnar yrðu Íslendingum í vil. Samt sem áður þótti staða Íslendinga ekki alveg vonlaus, eins og fyrir keppnina gegn Tékkum: „Norðmenn hafa mun meiri reynslu en okkar menn, en íslensku keppendurnir hafa æft ákaflega vel að undanfögnu.“<sup>136</sup>

Að keppni lokinni virust íslenskir fjölmiðlar vera nokkuð ánægðir með árangur íslenska liðsins þrátt fyrir að Norðmenn hafi farið með sigur af hólmi, og það er meira að segja hægt að greina bjartsýni í umfjöllun Þjóðviljans um keppnina: „Norðmenn unnu og hlutu 12 vinninga, en Íslendingar 7. Einni viðureigninni lauk með jafntefli. Þetta var ekki auðveldur sigur fyrir Norðmenn, sem sjá má af því, að helminginn af vinningum sínum hlutu þeir með minnsta stigamun, þ.e. þremur stigum. Allir íslensku keppendurnir stóðu sig vel og sýndu góða keppni, en reynsluleysi þeirra í stórmótum kom auðvitað í ljós og reið

---

134 „Judomenn standa sig“, bls. 30.

135 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 7.

136 „Keppt ytra á morgun“, bls. 10.

sennilega baggamuninn í þessari keppni.<sup>137</sup> Í júdótímariti sem gefið var út í Noregi er skrifað að það hafi komið á óvart hve Íslendingar náðu að standa í Norðmönnum.<sup>138</sup>

Vafalítið hefur þessi keppni haft góð áhrif á landsliðið, sérstaklega í ljósi þess að Norðmennirnir völtuðu engan veginn yfir íslensku júdómennina. Eins og var skrifað í *Alþýðublaðið* fyrir mótið þá var þetta fyrsta alvöru landskeppni Íslendinga gegn annarri þjóð, og því var lítið vitað fyrir keppnina hvernig Íslendingar stæðu í raun í alþjóðlegum samanburði.<sup>139</sup> Þessi árangur í keppninni við Norðmenn hefur þá örugglega orðið að einhverskonar vísbendingu um það hvar Íslendingar stæðu raunverulega að getu miðað við aðrar þjóðir. Stjórn JSÍ var þó sannarlega ánægð með það hvernig þessi ferð fór: „Árangur okkar í þessari keppni mælist ekki eingöngu í vinningum, heldur líka í þeirri reynslu sem við fengum í slíkri keppni. Strax á Norðurlandameistaramótinu kom sú reynsla að góðum notum. Í keppninni ó[sic] Osló komumst við að raun um að íslenskir júdómenn stóðu þeim norsku fyllilega á sporði hvað kraft og þol snerti. Í tækni kunnu margir þeirra meira en okkar menn og þeir höfðu miklu meiri keppnisreynslu.“<sup>140</sup>

Í þessari sömu ferð reyndi JSÍ að koma á keppni á móti Danmörku til þess að fá sem mest út úr ferðinni. Danir voru viljugir, en vegna þess hve erfitt var að fá keppnishúsnæði í Kaupmannahöfn með svo litlum fyrirvara var ekki hægt að koma því í kring. Stjórn JSÍ vildi meina að þessi keppni við Dani hefði vel getað orðið að veruleika hefðu Norðmenn ekki dregið á eftir sér lappirnar. Þegar talað var svo við Norðmenn eftir keppni og lagt til að þeir myndu ferðast til Íslands í febrúar 1975 voru þeir ekki mjög spenntir, og báru það fyrir sig að þá þyrftu þeir að fara tvisvar sinnum til Íslands sama árið og það væri kostnaðarsamt.<sup>141</sup> Þetta mál endaði þannig að Norðmenn stóðu ekki við gefið loforð árið 1975 þrátt fyrir að JSÍ hefði ýtt oft á eftir þessu máli<sup>142</sup> en sáu hins vegar loksins að sér og efndu þetta loforð sitt ári síðar og keppt var 7. febrúar 1976. Í þetta skipti sigruðu Íslendingar keppnina 14:5.<sup>143</sup>

Næsta verkefni landsliðsins var svo að glíma við landslið Tékkna, en tékkneska landsliðið kom til Íslands í maí. Glímdi fimm manna sveit þeirra gegn tveimur fimm manna íslenskum sveitum, svokölluðum A og B sveitum. Mótið fór fram þann 8. maí. Tékkar unnu íslensku A sveitina með minnsta mun, þeir unnu þrjár af glímunum og Íslendingarnir tvær. Íslensku B-sveitina völtuðu Tékkarnir hins vegar yfir og unnu afgerandi með fimm

---

137 „Fyrsta landskeppni“, bls. 11.

138 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 7.

139 „Keppt ytra á morgun“, bls. 10.

140 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 9.

141 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 9.

142 JSÍ. Ársskýrsla 1974-1975, bls. 6.

143 JSÍ. Ársskýrsla 1975-6, bls. 6.

vinningum. Þessi árangur A-sveitarinnar var hins vegar ekki alveg jafn frábær og fyrst er haldið ef tölurnar eru skoðaðar, og var Þjóðviljinn alls ekki feiminn við að benda á það: „Keppt var í 5 manna sveitum, og sigruðu Tékkar með þremur vinningum gegn tveim. Verða úrslitin að teljast íslenskum jedomönnum mjög til sóma, þar sem Tékkar eiga mjög góðu judoliði að skipa, enda breiddin mikil í íþróttinni í Tékkóslóvakíu. Þess skal þó getið að hið góða hlutfall Íslands í þessum úrslitum gefur ekki alveg rétta mynd af keppninni, þar sem einn tékknesku judomannanna varð að keppni vegna gamalla meiðsla er tóku sig upp. Fengu Íslendingar þann vinning, en ekki er víst hvornig sú viðureign hefði annars farið.“<sup>144</sup> Tékkunum leist svo vel á Íslendingana að Íslendingum stóð til boða að ferðast til Tékkóslóvakíu að ári liðinu til að æfa þar með Tékkunum sem og að keppa.<sup>145</sup>

Það er eins og fjölmiðlar hafi bæði viljað hrósa íslenskum júdomönnum en á sama tíma draga þá aðeins niður fyrir að sigra ekki. Íslendingar þurftu þó ekkert að skammast sín fyrir þennan árangur og gátu litið á þetta sem enn eina viðureignina til að setja í reynslubankann, en það var náttúrulega það sem íslensku júdomennirnir þurftu, meiri reynsla.

Tékkneska landsliðið kom til Íslands fyrir tilstilli Vachun, og dvöldu Tékkarnir í viku á Íslandi og æfðu með Íslendingum. Þetta var í fyrsta skipti sem erlent landslið kom til Íslands og keppti.

Norðurlandameistaramótið árið 1974 var haldið dagana 20. og 21. apríl í Kaupmannahöfn. Frá Íslandi kepptu tíu manns á mótinu. Á mótinu stóðu íslensku júdomennirnir sig með stakri þryði en í sveitakeppni tókst íslensku sveitinni að landa silfurverðlaunum, sem var frábær árangur hjá liði sem var í raun aðeins nýkomið á laggirnar. Fyrri daginn fór sveitakeppnin fram og Íslendingar drógust í undanflokk með Svíum, sem höfðu unnið Norðurlandameistaratitilinn árið áður. Íslendingar gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Svíana, en töpuðu svo gegn finnsku sveitinni í úrslitum. Seinni daginn var einstaklingskeppnin svo háð og sennilega hafa flestir þeir sem tóku þátt í sveitakeppninni daginn áður verið nokkuð aumir. Meiðsli hrjáðu tvo íslenska keppendur eftir sveitakeppnina. Halldór Guðbjörnsson gat ekki tekið þátt í einstaklingskeppninni vegna þeirra, en meiðsli Sigurðar Kr. Jóhannssonar voru vægari og því harkaði hann af sér og tók þátt. Íslendingum tókst að vinna til verðlauna í einstaklingskeppninni, en Jóhannes Haraldsson, Sigurjón Kristjánsson og Svavar Carlsen hlutu allir bronsverðlaun í sínum flokkum.<sup>146</sup> Stjórn JSÍ taldi þennan árangur Íslendinganna vera mjög góðan og að með

144 „Tékkar unnu judokeppnina“, bls. 11.

145 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 13-14.

146 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 10-12.



svona góðri og fjölmennri þátttöku Íslands og með þessum úrslitum hafi ákveðnu markmiði verið náð í samskiptum Íslands við Norðurlandþjóðirnar: „þeir [Íslensku júðómennirnir] færðu okkur heim sanninn um að Íslenskir judomenn geta ótrauðir haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið.“<sup>147</sup>

Ísland sendi þrjá júðómenn Evrópumeistaramótið í London 2.-5. maí árið 1974, þá Sigurjón Kristjánsson, Sigurð Kr. Jóhannsson og Svavar Carlsen. Sigurður var sá eini af Íslendingunum sem tókst að vinna glímu á þessu móti. Á þessu móti kom maður sem vann hjá hollensku fyrirtæki og tók sig á tal við Íslendingana sem voru þar úti. Hann bauð þeim júðódýnur sem stóðu ströngustu kröfur á góðu verði. JSÍ og þetta fyrirtæki skrifuðust svo á enda þurfti sambandið almennilegar dýnur ef halda átti Norðurlandamótið Íslandi. Líklega hefur það verið JSÍ um megn að kaupa dýnur á tvo löggilda keppnisvelli fyrir Norðurlandameistaramótið, og því var leitað til þess ráðs að fá aðstoð frá borgarráði Reykjavíkur, og vildi JSÍ fara fram á að Reykjavíkurborg myndi kaupa annan keppnisvöllinn og þá yrðu dýnurnar sem hann samanstæði af svo hafðar í einu af íþróttahúsum borgarinnar fyrir almenn júðómót. Það varð úr að borgarráð samþykkti þetta. Annar völlurinn var þó eftir og fór það þannig að sjálfstæð júðófélög myndu fjárfesta í dýnum sem myndu samsvara vellinum og lána fyrir mótið.<sup>148</sup>

Þrátt fyrir að umfjöllun um júðó í blöðum hafi alltaf verið á þann hátt að júðómennirnir hafi ekki unnið en samt staðið sig vel, þá birtist mjög athyglisverð grein í Þjóðviljanum þann 6. september 1974. Þar segir: „[Júðó er ein örfárra íþróttagreina sem Íslendingar standa sig vel í á heimsmælikvarða. Má í því sambandi nefna að Íslensku keppendurnir á NM í júðó s.l. voru hlutu silfurverðlaunin í sveitakeppni þjóðanna. Það er afrek sem erfitt verður fyrir aðra íþróttamenn okkar að leika eftir.“<sup>149</sup> Þessi ummæli komu í kjölfar fregna um að halda ætti næsta Norðurlandamót í Laugardalshöll árið 1975.

Frá Vestur-Þýskalandi kom svo unglingslandsliðið um páskana árið 1974 til æfinga og keppni. Með í för var forseti Vesturþýska júðósambandsins, Robert Vetter. Keppnin fór fram í Festi í Grindavík, og unnu Vestur-Þjóðverjarnir hana nokkuð örugglega. Þeir buðu svo hópi Íslenskra unglinga til að fara og taka þátt í æfingabúðum sem haldnar voru í júlí sama ár. Þangað fóru svo tíu unglingspiltar. JSÍ hafði bundið miklar vonir við þessa för enda var áhugi Íslenskra unglinga á júðói svo lítil að ekki þótti tilgangur í því að halda sérstakt Íslandsmeistaramót fyrir þann aldursflokk. Átti þetta sérstaklega við eldri unglinga,

---

147 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 12.

148 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 4.

149 „NM í júðó háð hér á landi“, bls. 9.

eða svokallaða juniora (18-20 ára). Þátttaka 15-17 ára unglunga var vel við unandi. JSÍ átti sér þann draum að geta stofnað sérstakt unglingalandslið, líkt því sem Vestur-Þjóðverjar komu með hingað til landsins, en ef það átti að gerast þá þurfti eitthvað mikið að breytast. Haldnar voru sérstakar æfingar fyrir þá unglunga sem þóttu skara fram úr á Íslandi og var aðalmarkmiðið með þessum æfingum að undirbúa þá fyrir æfingabúðirnar í Vestur-Þýskalandi, en líka til að fá piltana til að æfa vel og með það að markmiði að taka þátt í Norðurlandameistaramóti unglunga um haustið. Þessi áhersla á unglingastarfið dugði þó ekki jafn vel og stjórn JSÍ hafði vonað: „Því miður varð raunin sú að mjög dofnaði yfir áhuga piltanna þegar á leið sumarið þrátt fyrir allt sem fyrir þá var gert. Einn þeirra sást ekki á neinni æfingu eftir Þýskalandsferðina. Þetta urðu forystu JSÍ mikil vonbrigði, og ljóst var þegar nær dró Norðurlandameistaramóti unglunga að enginn hefði náð slíkum, árangri að nægði til að senda hann á mótið.“ Stjórn JSÍ var þó merkilega bjartsýn um framhaldið: „Örfáir piltar hafa þó sýnt lofsverðan áhuga og dugnað við æfingar, en þeir eru tiltölulega nýbyrjaðir æfingar og skortir enn kunnáttu. En framtíðin er þeirra ef þeir halda svo áfram.“<sup>150</sup> JSÍ beindi sjónum sínum svo að enn yngri júdómönnum, sennilega til að fyrirbyggja að svona myndi gerast aftur, og ákvað að auka áherslu á starf júdófólks yngra en 14 ára til þess að „vekja hjá þeim meiri áhuga og staðfestu við æfingar en unglungarnir hafa sýnt.“ Til að gera þetta var ákveðið að halda fleiri mót fyrir þennan aldurshóp auk þess að aukið norrænt samstarf var þeim nú til boða.

Árið 1975 var aftur sendur tíu manna hópur í æfingabúðir í Vestur-Þýskalandi. JSÍ hafði áður haldið æfingar fyrir hópinn sem líklega hefur notfært sér þær, en almennt voru æfingar sem JSÍ hafði sérstaklega haldið fyrir þennan aldurshóp ekki verið vel sóttar. Þegar þessi hópur sneri aftur til Íslands ætlaði JSÍ að nota tækifærið og halda vélinni gangandi með því að hafa sérstakar æfingar fyrir unglunga frá 15-20 ára til að undirbúa þá fyrir Norðurlandameistaramót unglunga sem haldið var í Noregi um haustið. Þessum æfingum var ekki sýndur mikill áhugi og aðeins þrír unglungar voru sendir á mótið.

Þetta ástand var alls ekki gott, því ef áhuginn væri ekki meira en þessi meðal unglunganna þá myndi með árunum vanta heilan aldurshóp inn í júdóið á Íslandi. Tekið var á það ráð að skipa sérstaka unglinganevnd sem átti að hafa það að verkefni „að vinna að skipulagi á unglingastarfinu upp að 18 ára aldri, tilhögun og framkvæmd æfinga, gráðana og keppnismóta“, auk þess átti nefndin að „safna þeim upplýsingum og reglum sem til eru hjá fjölbjóðlegum samböndum um judo fyrir unglunga. Sérstakt markmið þessarar nefndar skal vera að byggja upp sterkt lið sem keppt fyrir Íslands hönd á NM unglunga í Reykjavík

---

150 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 19.

1976.<sup>151</sup> Þessi nefnd komst þó ekki af stað einfaldlega vegna þess að enginn sýndi því áhuga að sinna þessu.<sup>152</sup>

Áhugi kvenna á júdó hafði farið vaxandi og árið 1974 æfðu konur hjá fjórum júðofélögum á landinu. Árið 1974 var ákveðið að búa til sérstaka nefnd sem myndi sérstaklega fjalla um „kvennajúdó“. Í hennu sátu þær Anna Hjaltadóttir, Anna Lára Friðriksdóttir og Sigurveig Pétursdóttir. Hlutverk nefndarinnar var að semja „tillögur um verkefni kvenna í judo, mót og annað“ fyrir árið 1975. Þessi ákvörðun gæti hafa verið tilkomin af því að halda átti Evrópumót kvenna um veturinn á Ítalíu, auk þess sem júdó kvenna hafði verið mjög til umræðu hjá Evrópusambandinu.<sup>153</sup> Starf þessarar nefndar fór vel af stað og undirbjuggu þær stóllur árið 1975 áróðursherferð til að lokka stúlkur að íþróttinni. Einnig hefur það örugglega verið þeim lyftistöng að Sigurveig Pétursdóttir hlaut silfur á opna Vestur-Þýska meistaramótinu fyrir stúlkur yngri en 17 ára í júní 1975: „Þetta afrek markar tímamót í þróun judosins hjá okkur, og hlýtur að hvetja ungar stúlkur til að fara að fordæmi Sigurveigar og æfa íþróttina af kostgæfni og alvöru.“<sup>154</sup>

Kvennajúðónefndin gekk í marga skóla veturinn 1975-1976 og dreifði þar auglýsingum þar sem æfingatímar og staðsetningar voru kynnt og stúlkur hvattar til þess að prufa. Einhver árangur varð af þess kynningarstarfi þeirra, en ekki er víst hvaða langtímaáhrif þetta hafði á kvennajúdó: „Þátttökuaukning varð talsverð, einkum hjá Ármanni, og fjöldi stúlkna heimsótti æfingar í forvitnisskyni.“ Á Íslandsmeistaramóti kvenna 1976 var keppnisflokkum fjölgað um einn, þannig að þá voru þeir orðnir þrír.<sup>155</sup>

Byrjað var að æfa júdó á Akureyri veturinn 1974-1975 en æfingar lögðust svo af þegar voraði vegna þess að júðómenn þar misstu það húsnæði sem þeir höfðu haft. Þó var talið að áhugi á Akureyri væri mikill og því var vonast til að Akureyringar myndu ekki láta þetta stöðva sig. Akureyri var þó ekki einu staðurinn á Norðurlandi þar sem júdóáhugi leyndist, því HSP á Húsavík hafði beðið JSÍ um að koma á einhverskonar kynningu á íþróttinni þar. Einnig var einhver áhugi á Selfossi.<sup>156</sup>

Það markaði ákveðin þáttaskil í sögu júdós á Íslandi þegar Norðurlandameistaramótið var haldið í Laugardalshöllinni dagana 19. og 20. apríl 1975. Stjórn JSÍ hafði fyrst fengið fyrirspurn hvort Ísland vildi halda mótið árið 1975 þegar Magnús Ólafsson fór með Svavari Carlsen á Norðurlandamótið 1973. Þá var talað við Magnús og hann spurður hvort ekki væri hægt að halda mótið á Íslandi eftir tvö ár. Magnús

---

151 JSÍ. Ársskýrsla 1974-1975. bls. 4.

152 JSÍ. Ársskýrsla 1976-1977 bls. 3

153 JSÍ. Ársskýrsla 1974, bls. 21.

154 JSÍ. Ársskýrsla 1974-1975, bls. 3.

155 JSÍ. Ársskýrsla 1975-1976, bls. 8.

156 JSÍ. Ársskýrsla 1974-1975, bls. 3.

sagðist myndu láta athuga það og það varð úr að halda mótið á Íslandi árið 1975. Stjórn JSÍ lagði allan sinn metnað í að mótið yrði sem glæsilegast og vann meirihluta þess starfs sem fór í undirbúning, skipulagsvinnu sem og framkvæmd mótsins, en stjórninni til aðstoðar voru sjálfboðaliðar. Þar sem mjög takmarkaður fjöldi Íslendinga hafði næg réttindi til þess að dæma á þessu móti var Ray Mitchell fenginn til að sjá um dómstjórn mótsins, en hann hafði einmitt haldið dómaramámskeiðið 1975. Reykjavíkurborg stóð við loforð sín og keypti dýnur sem dugðu fyrir heilan keppnisvöll og tvö júðófélög, Gerpla og UMFK, keyptu dýnur í hinn keppnisvöllinn, með loforði um að lána JSÍ þær fyrir mótið eins og áður kom fram. Segja má að mótið hafi gengið áfallalaust fyrir sig og þótti glæsilegt í alla staði. Menntamálaráðuneytið bauð til kvöldverðar annað kvöldið auk þess sem JSÍ bauð til kvöldverðar á lokakvöldinu. Þrátt fyrir að þetta hafi tekið mikið á stjórnarmenn Júdósambandsins voru þeir mjög sáttir með það hvernig tókst til hjá þeim: „Þetta mót sannaði að við stöndum hinum Norðurlandabjórðunum fyllilega jafnfætis bæði félagslega og íþróttalega varðandi stóratök í íþróttastarfinu. Hins vegar ber því ekki að neita að störfin hjá okkur mæða á allt of fáum.“ Íslendingar unnu til fernra verðlauna á þessu móti: Halldór Guðbjörnsson og Gísli Þorsteinsson unnu báðir til silfurverðlauna í sínum þyngdarflokkum og Benedikt Pálsson vann til bronsverðlauna í sínum flokki. Að lokum unnu Íslendingar sér inn þriðja sætið í sveitakeppninni.

Þetta mót sannaði það virkilega að Júdósamband Íslands væri fullgildur aðili í alþjóðlegu júðói og væri komið til að vera á þeim vettvangi. Mikil ábyrgð fylgir vissulega að halda svona stórt mót fylgir vissulega mikilli ábyrgð, en ávinningurinn er líka gríðarlegur. Núna fyrst má segja að júðó á Íslandi hafi náð því marki sem Sigurður H. Jóhannsson vonaði að það myndi einhverntíman ná þegar hann hóf æfingar með Ármanni á sjötta áratuginum. Íslendingar voru loksins orðnir að gildri júðóþjóð.

## Niðurstöður:

Það er athyglisvert að skoða hvernig ný íþrótt eins og júdó haslaði sér völl á Íslandi á árunum 1956-1975. Það tók íþróttina ekki nema tæp 20 ár að verða að gildri íþrótt á landinu. Þær framfarir sem íþróttin tók voru þó ekki áfallalausar. Það er greinilegt að íþróttin hefði aldrei náð að nema land á Íslandi nema vegna mikilla afskipta utan úr heimi. Allur sá fjöldi erlendra þjálfara sem ferðuðust til Íslands til að kenna júdó er líklega lykillinn að því að landnámið heppnaðist. En þetta sýnir einnig hvað einn maður með nógu einbeittan vilja getur áorkað hann setur hausinn undir sig. Sigurði H. Jóhannssyni datt bara í hug að fara að æfa júdó þegar hnefaleikar voru bannaðir vegna þess að hann hafði lesið örlítið um það í bókum. Það er ekki hægt að ganga svo langt að fullyrða að ef ekki hefði verið fyrir Sigurð væri júdó ekki ennþá komið til Íslands. Það væri að minnsta kosti ofsagt. Réttara væri að segja að ef ekki hefði verið fyrir Sigurð hefði júdó ekki komið svona snemma til Íslands og væri alls ekki í þeirri mynd sem það er í dag. Hver veit hversu margra verðlauna Íslendingar hefðu unnið til á Ólympíuleikum ef ekki hefði verið fyrir Sigurð sem beit það í sig að júdó skyldi það vera. Væru þau bara þrjú í staðinn fyrir fjögur? Einnig er greinilegt að klofningur á milli fólks sem stundaði júdó var íþróttinni til góða, því það leiddi til aukinnar samkeppni og gerði innanlandsmótin mun meira spennandi og hvatti menn áfram til að auka getu sína. Það er líka bersýnilegt að allar íþróttir þurfa að vera undir hatti Íþróttasambands Íslands ef vel á að takast til. Sér sambönd leiða til ákveðinnar sameiningar og miðstýringar sem er nauðsynleg, sérstaklega þegar meðlimum í undirfélögum sambandsins er ekki sérlega hlýtt til hvers annars. Þó að sameining undirfélaga friðaði félögin að mestu leyti þá var ekki laust við rígg, allavega ekki á milli tveggja stóru félaganna á Reykjavíkursvæðinu, sem var þó ekki slæmur hlutur. Með því að verða að sérsambandi innan ÍSÍ komast fjársveitar íþróttahreyfingar í smá fjármagn í formi styrkja og þess háttar. Slíkur peningur er nauðsynlegur til að íþróttahreyfingar geti orðið samkeppnishæfar erlendis.

Í raun má segja að landnám júdós á Íslandi hafi verið að hluta til fyrir slysi með smá heppni í bland. Hefðu hnefaleikar ekki verið bannaðir hefði Sigurður líklega unað glaður við sitt og ekki tekið sér júdó fyrir hendur. Ef Geyer hefði ekki verið á landinu þegar Ármennningar byrjuðu í upphafi að fikta við íþróttina er ekki gott að segja til um hvernig hefði farið. Hefði Judokwai ekki verið stofnað út frá Júdódeild Ármanns gæti vel verið að íþróttin hefði dáíð út smátt og smátt. Það er skrítið að hugsa til þess hve sá heimur sem við lifum í stjórnast í raun af viðbrögðum fólks við vandamálum sem að því snúa, en einnig algjörum tilviljunum.

# Heimildaskrá:

## Óútgefnar heimildir:

*Skjöl*

Skjalasafn Júdosambands Íslands (JSÍ.)

Ársskýrsla 1974.

Ársskýrsla 1974-1975

Ársskýrsla 1975-6.

Ársskýrsla 1976-1977.

Bréf, Sigurður H. Jóhannsson til E.C. Mullen 8. mars 1973.

Dagskrá stofnþings Judosambands Íslands 28. janúar 1973.

Greinargerð vegna lausnar Edwards Mullen frá störfum.

Skýrsla um judomót, haldið á vegum JSÍ 9. maí 1970 í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi.

Staða Judoíþróttarinnar á Íslandi: við stofnun Judosambands Íslands. Tekið saman af stjórn JSÍ í febrúarbyrjun árið 1973.

Starfsskýrsla stjórnar JSÍ fyrir tímabilið frá stofnþingi 28. janúar 1973- 2. judoþings 13. október 1973.

Stjórnarfundur í JSÍ 9. mars 1973.

Uppkast að bréfi til The British Judo Ass. og The Scottish Judo Fed.

*Viðtöl:*

Höfundur við Eysteinn Þorvaldsson, 21. nóvember 2012.

Höfundur við Magnús Ólafsson 24. nóvember 2012.

Höfundur við Sigurð H. Jóhannsson, 31. október 2012.

## Útgefnar heimildir:

„Ármannt minnst 75 ára afmælis síns“, *Morgunblaðið* 27. febrúar 1964, bls. 4.

„Bann við hnefaleik“, *Morgunblaðið* 25. mars 1956, bls. 8.

Bowen R., og H.M. Hodkinson, *Judobókin*. Reykjavík 1965.

„Byrjaði að æfa judoíþróttina 38 ára gamall“, *Þjóðviljinn* 6. september 1964, bls. 2, 7.

- „Felldu dáta á Judobragði“, *Alþýðublaðið* 7. maí 1960, bls. 1.
- „Frægur júdó-kappi dvelst hér á vegum Ármenninga“, *Tíminn* 13. desember 1967, bls. 13.
- „Fyrirspurn til forseta ÍSÍ frá Judofélagi Rvíkur“, *Alþýðublaðið* 12. mars. 1970, bls. 12.
- „Fyrsta Judo-keppnin á Íslandi í Tívolí á morgun“, *Morgunblaðið* 23. júlí 1960, bls. 14.
- „Fyrsta Judo-mótið á Íslandi 22. þm.“, *Þjóðviljinn* 14. mars 1970, bls. 2.
- „Fyrsta Judo-mótið hér“, *Morgunblaðið* 8. apríl 1970, bls. 26-27.
- „Fyrsta landskeppni“, *Þjóðviljinn* 6. mars 1974, bls. 11.
- „Góður árangur Íslendinga á Júdomóti Norðurlanda“, *Alþýðublaðið* 7. maí 1968, bls. 10-11.
- „Heimsfrægir júdómeistarar koma hingað“, *Vísir*, 14. maí 1968, bls. 2.
- „Hinn hugdjarfi Íslendingur“, *Þjóðviljinn*, 28. desember 1973, bls. 11.
- „Í Karate þarf sjálfstjórn og einbeitni auk líkamsþjálfunar“, *Vísir* 9. febrúar 1967, bls. 2.
- „Íslandsmótið í júdó hefst kl. 13,30 í dag“, *Morgunblaðið* 20. mars 1971, bls. 27.
- „Japanskur þjálfari – hjá Júdefélagi Reykjavíkur“, *Morgunblaðið* 7. janúar 1972, bls. 31.
- „Judo í staðinn fyrir hnefaleika“, *Fálkinn* 35. árg., 40. tbl. (1962), bls. 20-21, 38.
- „Judo“, *Vikan* 23. árg., 11. tbl. (1961), bls. 15, 22.
- „Judo dýrasta sport á Íslandi?“, *Tíminn* 27. mars 1969, bls. 13.
- „Judo er bæði holl og skemmtileg íþrótt“, *Alþýðublaðið* 11. apríl 1963, bls. 10, 13.
- „Judo er íþrótt jafnt fyrir kvenfólk, karlmenn og börn“, *Þjóðviljinn* 29. september 1960, bls. 9
- „Judo – herbragðalist í síðuðum búningi“, *Morgunblaðið* 16. júlí 1960, bls. 14.
- „Judo – hin fágaða íþrótt Japana kynnt almenningi hér“, *Morgunblaðið* 13. janúar 1960, bls. 18.
- Judodeild Ármanns, „Judodeild Ármanns auglýsir“, *Morgunblaðið* 7. nóvember 1971, bls. 26.
- Judofelag Reykjavíkur, „Frægir judo-kappar væntanlegir hingað“, *Tíminn* 27. september 1967, bls. 13.
- Judofélag Reykjavíkur „Frægur júdókappi væntanlegur hingað“, *Alþýðublaðið* 24. júlí 1968, bls. 11, 14.

- „Judokappi“, *Tíminn* 27. febrúar 1966, bls. 16, 14.
- „Judomeistari í heimsókn“, *Þjóðviljinn* 7. apríl 1963, bls. 5.
- „Judomenn standa sig“, *Morgunblaðið* 9. júní 1973, bls. 30.
- „Judosýning – judokvikmynd“, *Þjóðviljinn* 8. febrúar 1963, bls. 4.
- „Judo-glímukappi lífshættulega særður í keppni“, *Morgunblaðið* 29. desember 1961, bls. 18.
- „Judó sýningaríþrótt á OL í Róm og keppnisíþrótt í Tókíó 1964“, *Þjóðviljinn* 10. nóvember 1959, bls. 9, 11.
- „Júdídagurinn er á morgun“, *Þjóðviljinn* 21. mars 1970, bls. 2.
- „Júdídeild Ármanns svarar“, *Tíminn* 17. apríl 1969, bls. 13, 12.
- „Júdífélag stofnað“, *Vísir* 25. nóvember 1965, bls. 2.
- „Júdímeistaramót Íslands“, *Morgunblaðið* 19. apríl, 1972, bls. 30.
- „Júdímenn með stórmót – Það fyrsta héraendis“, *Alþýðublaðið* 23. nóvember 1972, bls. 9, 4.
- „Júdímót á morgun“, *Alþýðublaðið* 19. mars 1969, bls. 11.
- „Júdímót í marz-apríl“, *Morgunblaðið* 15. mars 1972, bls. 30.
- „Júdíæfingar eru að hefjast hjá júdídeild Ármanns“, *Þjóðviljinn* 29. september 1962, bls. 9.
- „Kennir Ármeningum ‚hina mildu aðferð‘ – Rætt við enskan þjálfara í Júdí“, *Vísir* 17. apríl 1963, bls. 2.
- „Kennslubók í judoíþróttinni komin út á íslenzku“, *Þjóðviljinn* 28. apríl 1965, bls. 5.
- „Keppt í júdí í vor“, *Vísir* 9. janúar 1963, bls. 2, 5.
- „Keppt ytra á morgun“, *Alþýðublaðið* 1. mars 1974, bls. 10.
- „Konum gefinn kostur á judo-æfingum“, *Morgunblaðið* 29. nóvember 1967, bls. 3.
- „Landslið í júdí“, *Vísir* 23. nóvember 1973, bls. 10.
- „Lögreglumenn á Suðurnesjum læra Jyo-do“, *Morgunblaðið* 23. apríl 1960, bls. 15.
- „Meira um judo“, *Tíminn* 3. apríl 1969, bls. 9.
- „Merk tímamót í sögu Júdí hér“, *Alþýðublaðið* 4. september 1964, bls. 5, 9.
- „Mikill áhugi á Judo“, *Alþýðublaðið* 30. október 1960, bls. 11, 10.



- „Mjög góð framistaða íslenskra júdómanna“, *Alþýðublaðið* 25. nóvember 1972, bls. 7.
- „Námskeið í Judo“, *Morgunblaðið* 15. október 1959, bls. 18.
- „Námskeið í Judo“, *Morgunblaðið* 25. október 1961, bls. 22.
- „Námskeið í Judo hefst á vegum Ármanns á morgun“, *Alþýðublaðið* 13. september 1961, bls. 10.
- „NM í júdo háð hér á landi“, *Þjóðviljinn* 6. september 1974, bls. 9.
- „Nýr þjálfari ráðinn hjá Júdódeild Ármanns“, *Morgunblaðið* 28. janúar 1970, bls. 26.
- „Nýtt íþróttafélag í Rvík – Judokwai“, *Tíminn* 24. nóvember 1965, bls. 12.
- „Páskamót í Judo“, *Morgunblaðið* 12. mars 1970, bls. 13.
- „Sextíu í júdo“, *Vísir* 29. mars, 1972, bls. 10.
- „Sérsambönd í lyftingum, borðtennis, júdo og blaki stofnuð – áður en langt um líður, segir Íþróttablaðið“, *Tíminn* 25. október 1972, bls. 11.
- Sigurður H. Jóhannsson, „Judo“, *Æskan* 66. árg., 5.-6. tbl. (1965), bls. 189.
- Sigurður H. Jóhannsson, „Judo-bókin“, *Morgunblaðið* 17. nóvember 1965, bls. 30.
- Sigurður H. Jóhannsson, „Skemmtilegar glímur reyndu mannanna: Góð þátttaka í fyrsta júdómeistaramótinu“, *Morgunblaðið* 15. júlí 1970, bls. 27.
- Sigurður H. Jóhannsson, „Vöðvastæling ekki til lengur: Ástæða til þess að breyta til“, *Morgunblaðið* 15. júní 1972, bls. 30.
- Sigurður Narfi Rúnarsson, „Hnefaleikar á Íslandi: ágríp af sögu íþróttarinnar og aðdragandi hnefaleikabannsins“, *Ný saga* 12 (2000), bls. 4-14.
- „Skipulagsbreyting hjá Glímufélaginu Ármanni“, *Alþýðublaðið* 10. febrúar 1961, bls. 10,14.
- „Skozkur judo þjálfari hér á vegum Ármenninga“, *Tíminn* 4. febrúar 1965, bls. 13-14.
- Stjórnartíðindi* 1956 A.
- Stjórnartíðindi* 1990 A.
- „Stúdentar í judo“, *Morgunblaðið* 14. október 1970, bls. 26.
- Svavar Carlsen, „Stutt bréf til „judonefndar“ ÍSÍ“, *Vísir* 16. mars 1970, bls. 5.
- „Tékkar unnu judokeppnina“, *Þjóðviljinn* 11. maí 1974, bls. 11.
- „Þekktur judókappi heimsækir Ísland“, *Tíminn* 8. janúar 1969, bls. 12.

Porkell Magnússon, „Hnefaleikar – Judo“, *Ármann* 3. árg., 1. tbl. (1959), bls. 30-32.